



ÍÞRÓTTABANDALAG  
**REYKJAVÍKUR**

**Þinggerð 44.þings ÍBR**  
**26.-28.febrúar 2009**  
**Laugardalshöll**



## Fimmtudagur 26.febrúar

### 1. Þingsetning, ávörp gesta og minningarorð.

Reynir Ragnarsson, formaður ÍBR, setti þingið:

„Forseti ÍSí, Ólafur Rafnsson,  
Formaður Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur, Kjartan Magnússon,  
Ágætu þingfulltrúar og gestir.

Ég býð ykkur öll velkomin til 44. þings Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Að þessu sinni er það haldið eftir óvenju langt stjórnartímabil og við óvenjulegar aðstæður í þjóðfélaginu. Þetta stjórnartímabil stóð yfir í þrjú ár, eða frá mars 2006 til febrúar 2009, en ástæður þess eru að stjórnartímabilið var lengt um eitt ár til að halda þeirri hefð að þing Íþróttabandalagsins fari fram á sama ári og nokkrum vikum fyrr en þing Íþróttasambands Íslands.

Eins og þið sjáið í meðfylgjandi skýrslu þá hafa undanfarin þrjú ár verið bæði fjölbreytt og viðburðarrík í starfi Íþróttabandalagsins. Stórir samningar til hagsbóta fyrir íþróttahreyfinguna hafa náðst. Má þar nefna samninga á milli Reykjavíkurborgar, Íþróttabandalagsins og nokkurra stærstu íþróttafélaganna í borginni sem snúa að fjárframlögum frá borginni og þeim skyldum sem íþróttahreyfingin tekur á sig. Það má fullyrða að með þessum samningum hafi verið brotið blað í starfsemi íþróttafélaganna. Í fyrsta sinn er íþróttafélagunum skapaður grundvöllur til að starfa á faglegum grundvelli hvað varðar stjórnun og rekstur félaganna. Á móti taka félögin á sig ýmsar skyldur varðandi þjónustu við íbúa borgarinnar. Með þessum samningum má segja að borgin viðurkenni starf íþróttahreyfingarinnar sem einn þátt í grunnþjónustunni við borgarana.

Stór íþróttamót hafa verið haldin í Reykjavík á þessu tímabili. Þar hæst Alþjóðaleika ungmenna sem haldnir voru í júní 2007 með þátttöku 1200 ungmenna víðsvegar að úr heiminum auk íslenskra ungmenna víðsvegar af landinu. Þá má einnig nefna Reykjavíkurlaikana sem haldnir voru í annað sinn núna í janúar s.l. en þar sameinast tíu íþróttageinar um að halda íþróttamót með þátttöku 2500 innlendra og erlendra keppenda. Ekki má heldur gleyma Reykjavíkumaraþoni og Laugavegshlaupinu sem hafa tekið algjörum stakkaskiptum eftir að Íþróttabandalagið tók að sér umsjón þessara viðburða. Fjöldi þátttakenda hefur vaxið gríðarlega í báðum þessum hlaupum. Auk þessara viðburða hafa verið haldin önnur stór íþróttamót s.s. skólámót í frjálsum íþróttum og knattspyrnu með hundruðum þátttakenda. Starfsfólk Íþróttabandalagsins með aðstoð sjálfboðaliða frá íþróttafélagunum hefur unnið gríðarlega gott starf við undirbúning og framkvæmd þessara viðburða og sýnt að innan íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík hefur byggst upp mikil þekking og færni til að takast á við stórvíðburði á íþróttasviðinu.

Þessum verkefnum hafa starfsmennirnir sinnt auk hinna hefðbundnu starfa sem hafa verið svipuð frá ári til árs s.s. við skipulag og utanumhald tímaúthlutuna í íþróttahúsum, úthlutun styrkja og

peningagreiðslum auk hagsmunagæslu fyrir íþróttahreyfinguna í borginni. Þá hefur verið unnið mikið starf á skrifstofu ÍBR vegna fyrirhugaðrar rannsóknarmiðstöðvar, Team Reykjavík, afreksmála og útbreiðslumála. Samstarf skrifstofu ÍBR og skrifstofu íþróttar og tómstundasviðs borgarinnar hefur verið mikið og gott. Það góða samband og traust er okkur mikils virði.

Sá fjárhagslegi styrkur sem ÍBR hefur haft er ómetanlegur fyrir starf íþróttahreyfingarinnar. Þessi styrkur hefur gert okkur kleift að sinna bæði útbreiðslustarfi, afreksstarfi og almenningsíþróttum. Við höfum getað fengið til liðs við okkur fjársterka aðila í ýmis verkefni af því að við höfum getað sýnt fram á að við gætum staðið við okkar hlut. Við höfum getað aðstoðað félögin þegar illa hefur staðið á og þannig liðkað fyrir ýmsum málum. Nú liggur fyrir þinginu tillaga um að skerða fjárhagslegan styrk bandalagsins með því að greiða út úr sjóðum þess til félaganna. Að mínu áliti er miklu heillavænlegra fyrir hreyfinguna að nota þessa fjármuni til hagsbóta fyrir heildina t.d. með því að stofna til einhvers konar styrktarsjóða sem hreyfingin getur sótt í frekar en að deila þessum fjármunum út eftir einhverjum reglum sem trúlega næst engin sátt um, í eitt skipti. Það kemur ekki mikið til skiptana til hvers og eins. En á eftir yrði starfsemi bandalagsins verulega heft.

Þessu starfi eru gerð nánari skil í skýrslu íþróttabandalagsins, sem þið hafið undir höndum.

Síðustu mánuðir hafa verið einkennilegir í íslensku samfélagi. Efnahagskreppan og bankahrunið hefur sett allt þjóðfélagið á annan endann, þar er enginn ósnortinn. Íþróttahreyfingin hefur ekki farið varhluta af þessu ástandi. Eftir mikinn uppgang og velgengni síðustu ára eru fjármál margra íþróttafélaga í uppnámi eftir að stórir styrktaraðilar hafa hætt stuðningi eða lýst yfir að þeir muni draga úr stuðningi og jafnvel alveg hætta honum. Öll félög hafa gripið til ráðstafana og skorið niður kostnað, en engu að síður er óvissa í rekstri félaganna. Stærsti styrktaraðili íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík er Reykjavíkurborg, sem sett hefur verulega fjármuni í íþróttastarfið bæði í uppbyggingu mannvirkja og til rekstrar félaganna á undanförunum árum. Við þessar erfiðu aðstæður verður borgin að skera niður eins og aðrir. Þessi niðurskurður bitnar eðlilega á íþróttahreyfingunni eins og öðrum. Við höfum lagt áherslu á að ekki megi skera niður í grunnþjónustunni þ.e. barna- og unglingastarfinu, það sé ekki ásættanlegt og sendi röng skilaboð út í samfélagið. Ég held að okkar hafi orðið nokkuð ágengt í þessu sambandi þannig að framlög til reksturs íþróttahreyfingarinnar skerðast ekki mikið m.v. fyrra ár, en framlög til framkvæmda skerðast mikið. Við höfum viljrði borgaryfirvalda um að þessar skerðingar verði bættar þegar betur árar.

Í því árferði sem nú er og verður næstu mánuði er nauðsynlegt að íþróttahreyfingin laði til sín alla sem þangað vilja koma. Gera fólki sem á um sárt að binda vegna atvinnumissis kleyft að hafa eitthvað fyrir stafni, hafa einhvern tilgang. Ég tel að þarna liggja tækifæri fyrir íþróttafélögin að efla sjálfboðastarfið, fá fleiri til starfa. Þetta fólk þarf hvatningu sem við getum veitt því. Í þessu sambandi tel ég að íþróttahreyfingin hafi mikið hlutverk og geti sýnt enn og aftur hve mikilvæg hún er í okkar þjóðfélagi.

Hvað framtíðina varðar þá er ég fullviss um að starfsemi íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík á bara eftir að vaxa og eflast. Við höfum frábæra íþróttaaðstöðu og öflugan bakhjarl sem er Reykjavíkurborg. Við þurfum að standa saman í að efla það góða íþróttar- og æskulýðsstarf sem hér hefur verið unnið. Um miðjan þennan mánuð var afrekssjóður ÍBR og SPRON að afhenda u.þ.b. 500 viðurkenningar til reykviskra íþróttamanna sem höfðu unnið til Íslandsmeistaratitils. Ég vil minna á það að árið 2007 unnu

reykvísk íþróttafélög alla titla sem í boði voru í efstu deild í knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik. Og að auki urðu reykvísk félög íslandsmeistarar eða bikarmeistarar í fimleikum, frjálsum íþróttum, sundi, íshokki, blaki, badminton og júdó. Þið sjáið á þessu að starfið hefur borið góðan árangur.

Ágætu fundarmenn.

Nú eru um tuttugu ár síðan ég settist í stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur þar af hef ég verið formaður síðustu fjórtán árin. Þetta er búið að vera ánægjulegur og viðburðarríkur tími. Ég hef haft af þessu starfi mikla ánægju og það hefur gefið mér mikið. Ég hef stundum bent á sjálfan mig sem dæmi um mann sem hefur alla tíð haft mikinn áhuga á íþróttum. Stundað margar íþróttir, en ekki náð neinum sérstökum árangri í neinni íþrótt. Hef aftur á móti nýst vel í félagsstarfinu, en mér telst til að nú séu um fjörutíu og fimm ár síðan ég settist fyrst í stjórn í deild í félagi, og hef verið að síðan með smá hvíldum. Nú finnst mér vera komið nóg, en á síðasta þingi íþróttabandalagsins þá tilkynnti ég að það yrði síðasta kjörtímabilið sem ég gæfi kost á mér til endurkjörs. Það stendur, þó ég eigi eflaust eftir að sakna þessa starfs. Ég vil því þakka fyrir mig og þakka öllu því góða fólki sem ég hef kynnst og unnið með á þessum tíma fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Ég gæti nefnt hér mörg nöfn en vil sérstaklega nefna Örn Andrés�on sem hefur starfað með mér í stjórn ÍBR allan minn tíma svo og Frímann Ara Ferdinandsson framkvæmdastjóra ÍBR og hans starfsfólk á skrifstofu ÍBR sem hafa verið mér ómetanlegar hjálparhellur í þessu starfi.

Að lokum ágætu fundarmenn.

Þrátt fyrir þau áföll sem samfélagið hefur orðið fyrir á síðustu mánuðum og þá erfiðleika sem steðja að stendur íþróttahreyfingin styrkum fótum. Við höfum samtakamáttinn, skipulagið og aðstöðuna til að taka við fleiri iðkendum. Þennan styrkleika eigum við að nýta okkur.

44.þing ÍBR er sett.“

**Áður en gengið var til hefðbundinnar dagskrár minntist Reyni Ragnarsson, formaður ÍBR, félaga sem látist höfðu á starfstímabilinu.**

**Ólafur Aðalsteinn Jónsson** lézt 18. marz 2006. Hann sat í aðalstjórn Fram 1962 – 1968 og var síðan 1968– 1976 formaður handknattleiksdeildar félagsins og einn aðaldrífkraftur í rekstri deildarinnar.

**Þórarinn Ingi Þorsteinsson** lézt 23. marz 2006. Hann var grindahlaupari í KR og var í landsliðinu, sem sigraði Dani og Norðmenn í Osló 1951. Hann var formaður FRÍ 1962 – 1965.

**Júlíana Isebarn** lézt 31. marz 2006. Hún sat í stjórn TBR á fyrstu árum félagsins, var um árábil í fremstu röð badmintonkvenna og margfaldur meistari í tvenndar- og tvíliðaleik.

**Ólafur Sigurgeirsson** lézt 27. apríl 2006. Hann var glímumaður framan af, en forvígismaður að stofnun lyftingadeildar KR og byggingu lyftingahússins á félagssvæðinu, en síðar forystumaður Kraftlyftingasambands Íslands.

**Einar Sæmundsson** lézt 3. júlí 2006. Einar sat í aðalstjórn KR frá 1941, var formaður félagsins 1958 – 1974 og fulltrúi íþróttabandalagsins í Þjóðhátíðarnefnd um langt árabíl. Einar var einn af fulltrúum KR á stofnfundum ÍBR 1944.

**Guðbjörn Jónsson** lézt 2. janúar 2007. Hann lék lengi með meistaraflokki KR og með Reykjavíkúrvali, þjálfari hjá ýmsum félögum, knattspyrnudómari og formaður Dómarafélagsins í nokkur ár.

**Sveinn Haukur Valdemarsson** lézt 21. janúar 2007. Hann var um árabíl lögfræðingur bandalagsins og sem slíkur vann hann 1971 gerðardómsmálið, sem knattspyrnusambandið höfðaði gegn Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Það má segja að árangur þess sigurs komi til umræðu síðar á þinginu þegar rætt verður um sjóðina.

**Ásgeir Ármannsson** lézt 2. febrúar 2007. Ásgeir starfaði að félagsmálum Víkings frá 1957, í aðalstjórn félagsins, í framkvæmdastjórn KSÍ 1986-1992, aganefnd sambandsins 1981-2006, og fulltrúi Víkings í KRR um árabíl.

**Torfi Tómasson** lézt 6. marz 2007. Hann var formaður Sundfélagsins Ægis 1956-1966, sat í stjórn sundsambandsins 1971 – 1976, í Ólympíunefnd 1970 – 1997 og aðalfararstjóri á Ólympíuleikunum 1972 og 1976.

**Gylfi Felixson** lézt 2. maí 2007. Í stjórn knattspyrnudeildar Fylkis 1972, í aðalstjórn frá 1976 og formaður félagsins 1978 – 1981,

**Einar Halldórsson** lézt 7. júní 2007. Lék með meistaraflokki Vals 1947-1957, með úrvalslíði Reykjavíkur, og m.a. í landsliðinu, sem sigraði Svía 1951. Sat um skeið í aðalstjórn Vals.

**Haraldur Einarsson** lézt 13. júní 2007. Hann lék knattspyrnu um skeið með KR en síðustu tvo áratugi starfsævinnar var hann starfsmaður bandalagsins sem baðvörður í Melaskóla.

**Ásgeir Elíasson** lézt 9. september 2007. Var leikmaður með Fram til margra ára, þjálfari meistaraflokks í 10 ár með frábærum árangri, þjálfari meistaraflokka Þróttar og ÍR síðasta áratug ævinnar, landsliðsþjálfari KSÍ 1991 – 1995.

**Örn Guðmundsson** lézt 18. apríl 2008. Örn var einn af forystumönnum Víkings í þrjá áratugi, í aðalstjórn í 12 ár, formaður knattspyrnudeildar 1960-1970, formaður fulltrúaráðs frá 1994. Árið 1969 stóð hann fyrir getraunastarfsemi knattspyrnudeildar Víkings sem var fyrirrennari Íslenskra Getrauna.

**Þórður Þorkelsson** lézt 21. apríl 2008. Hann sat í aðalstjórn Vals frá 1948, formaður 1970 –1975, gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSÍ 1978 – 1986, fyrsti stjórnarformaður Íslenzkrar Getspár 1986 – 1988.

**Hjörleifur Þórðarson** lézt 4. maí 2008. Hann var formaður handknattleiksdeildar Víkings 1958 – 1970, í aðalstjórn 1970-1982. Um árabíl í landsliðsnefnd HSÍ.

**Hörður Óskarsson** lézt 24. ágúst 2008. Hörður lék með meistaraflokki KR 1941 – 1956, í stjórn knattspyrnudeildar og ritari aðalstjórnar um árabíl.

**Ásgeir Beck Guðlaugsson** lézt 1. nóvember 2008. Ásgeir sat í stjórn ÍR frá 1970, formaður 1972 – 1977, fyrsti fulltrúi ÍR í knattspyrnuráðinu 1971 –1985. Kosinn í framkvæmdastjórn ÍBR 1978 – 1998, lengst af sem varaformaður.

**Gestur Sigurgeirsson** lézt 4. nóvember 2008. Hann lék handknattleik með ÍR, sat í stjórn handknattleiksdeildar um skeið, starfaði lengi á vegum bandalagsins í Íþróttahúsunum að Hálogalandi og Laugardalshöll.

**Baldur Jónsson** lézt 7.nóvember 2008. Hann var ungur mjög virkur í félagsmálum KR og sat í aðalstjórn og stjórn knattspyrnudeildar. Baldur var ráðinn vallerstjóri á Melavelli 1950. og síðar einnig á Laugardalsvelli, er sá völlum var tekinn í notkun 1957 og gegndi því til 1985.

**Halldór Jakobsson** lézt 10. nóvember 2008. Á yngri árum lék hann knattspyrnu með Val, en starfaði einnig lengi að félagsmálum í Fylki, var fulltrúi í stjórn KRR og formaður ráðsins eitt starfstímabil.

**Örn Clausen** lézt 11. desember 2008. Hann var um miðja 20. öldina einn fremsti frjálsíþróttamaður landsins, keppti alla tíð fyrir ÍR. Örn var í allra fremstu röð tugþrautarmanna heimsins, setti 10 Íslandsmet í greininni, auk Norðurlandameta, og varð nr. 2 í tugþraut á Evrópumeistaramótinu í Brussel 1950.

**Hjálmar Jónsson** lézt 18. janúar 2009. Hann var einn af stofnendum Fylkis og var kosinn í stjórn 1969 og var formaður félagsins 1972 – 1978.

**Haraldur Björnsson** lézt 31. janúar 2009. Hann sigraði í víðavangshlaupi ÍR 1945, sneri sér síðan að skíðaíþróttinni og gerðist formaður skíðadeildar og síðar fulltrúi í Skíðaráði Reykjavíkur, og sat um skeið í aðalstjórn KR.

**Hilmar Árni Ragnarsson** lézt 20. febrúar 2009. Hann var formaður Skotfélags Reykjavíkur síðustu 15 ár ævinnar og var einn af frumkvöðlum félagsins við að koma upp aðstöðu skotfélagsins í Egilshöll.

Þingfulltrúar og gestir risu úr sætum og vottuðu látnum félögum virðingu sína.

**Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ,** ávarpaði þingið

„Formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur, Reynir Ragnarsson, framkvæmdastjórn, heiðursfélagar og góðir þingfulltrúar.

Ég vil byrja á því að færa ykkur kveðjur framkvæmdastjórnar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Hún er nú stödd hér að stærstu leyti því við vorum að ljúka fundi áðan. Þakka Reyni fyrir góða ræðu og góðar ábendingar og tilfinningaþrungin orð. Það er verið að kveðja hér merkan mann úr þessum kafla. Vonandi ekki meira heldur en það því við eigum vonandi eftir að fá að nýta hans krafta á öðrum vettvangi.

Ég vil hrósa ÍBR fyrir gott starf á þessu kjörtímabili sem var þrjú ár að þessu sinni, lengra en venja ber til. Glæsileg skýrsla sem ber vott um starfið í félögunum og starfið hjá ÍBR. Reykjavík er auðvitað

höfuðborgin og ÍBR er lang stærsta sambandið og ber höfuð og herðar yfir önnur héraðssambönd og íþróttabandalög á Íslandi.

Það er athyglisvert að sjá að í krafti þessarar stærðar og þessa umfangs er unnið mikið þróunarstarf og það er mjög leiðandi fyrir aðra sambandsaðila og jafnvel sérsambönd. ÍBR hefur nýtt sína burði vel til þess að standa meðal annars í mótahaldi. Eins og fram kom í orðum formanns áðan varðandi ýmsa íþróttaviðburði sem hefur verið unnið einstaklega vel að á þessum vettvangi og það er vel ekki síst í þeirri þróun sem orðið hefur á íþróttastarfsemi hér á Íslandi varðandi samskipti héraðssambanda og íþróttabandalaga annarsvegar og sérsambanda hinsvegar.

Það liggja margar og góðar tillögur fyrir þessu þingi hér og þær munu auðvitað fá sína afgreiðslu í lýðræðislegri umræðu. Ég hegg eftir því að hér eru margar athyglisverðar tillögur og ég er afar ánægður með að sjá tillögu meðal annars um það, sama hvernig endanlegt orðalag hennar verður, að héraðssambönd og íþróttabandalög, í þessu tilviki ÍBR, fari í stefnumótun og fari í endurskoðun á sínu hlutverki í breyttu samfélagi. Það er nokkuð sem við þurfum að vera á tánum með. Það sem ég vil leggja áherslu á í þessu sambandi er í raun og veru sjálfstæði íþróttahreyfingarinnar. Ég veit að Reynir Ragnarsson og stjórn ÍBR hefur verið mjög meðvituð um þann þátt sem skiptir auðvitað gríðarlega miklu máli í frjálsum félagasamtökum og ekki síst á þessum síðustu og verstu tímum þar sem fjárhagslegar stoðir bresta og ýmislegt sem lítur að því að skerða okkar sjálfstæði.

Jafnframt er ánægjulegt að sjá hér ályktun um ferðakostnað íþróttahreyfingarinnar. Það hefur stundum verið talað um þennan lið sem landsbyggðarstyrk. Því er öðru nær. Það hefur verið unnið að þessu algerlega á þeim forsendum að hér eigi allir tök á því að jafna út ferðakostnað, sama hvar menn búa. Ég vek athygli á því að í þeim úthlutunum sem tilkynntar voru í dag koma yfir átta milljónir króna í hlut félaga í Reykjavík og það er vel.

Jafnframt vil ég nefna hér annað atriði sem er rannsóknar- og afreksmiðstöð. Þar vil ég fá að hrósa frumkvæði Íþróttabandalags Reykjavíkur. Það hefur verið mjög gott samstarf um þetta mál undanfarin tvö til þrjú ár. Frumkvæðið hefur að mestu leyti verið hjá ÍBR og þeir hafa keyrt það verk áfram. Það verður að segjast alveg eins og er að eflaust hefði verið hægt að hreyfa sig hraðar. Það hafa verið margir þröskuldar sem hafa gert málið flóknara en efni standa til. ÍBR á heiðurinn af þessu máli og það ber að geta þess. Ég vona að þrátt fyrir að þetta góða mál hafi fengið bakslag í bankahruninu þá er þetta nokkuð sem við þurfum að ræða áfram í hvaða formi sem það verður. Ég hef líka tekið eftir því að hér liggur frammi tillaga um rannsóknarhlutann á slíku fyrirbæri. Það má ekki gleyma því að þetta er ekki bara spurningin um að vera með einhverskonar mælitæki og líkamlegu þjálfunina heldur þarf að huga líka að íþróttarannsóknunum. Ég hef fulla trú á að ÍBR verði leiðandi á því sviði í framtíðinni.

Eitt af þeim verkefnum sem er hvað ánægjulegast í mínu embætti er að veita viðurkenningar. Stundum koma þær á óvart og stundum ekki. Heiðurskross Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands er merki sem fer ekki víða. Í þau fáu skipti sem mér hefur hlotnast sá heiður að veita slíkt merki þá hefur það komið á óvart og menn orðið hræðir. Ég held að menn átti sig alveg á því að það kemur engum á óvart hér að framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hefur ákveðið að fá að sæma Reyni Ragnarsson heiðurskrossi ÍSÍ. Hann hefur verið einstaklega góður félagi nokkuð lengi. Hans ferill nær auðvitað lengra



aftur en það hefur ekkert með ípróttaafrekin að gera. Hann er búin að vera í stjórn ÍBR í 21 ár skilst mér og þar af formaður í 15 ár taldist mér til en ég treysti endurskoðandanum til að segja 14 ár en ég hélt að hann hefði tekið við af Ara Guðmundssyni árið 1994. Hvort sem það eru 14 eða 15 ár þá er það bæði langur tími. Já, það var um haust ég hef tekið almanaksárið en hann reikningsárið. Engu að síður, við höfum átt samleið lengi ég og Reynir. Ég er búin að sitja með honum fundi í hreyfingunni, formannafundi og ýmsa aðra fundi líklega allan þennan tíma. Hann hefur verið einstaklega málefnalegur og úrræðagóður. Yfirleitt þegar hann hefur lagt eitthvað til málanna hefur verið tekið eftir og yfirleitt farið eftir þeim ábendingum, hvort sem það er nú af hlýðni eða efnisinntaki. Reynir, mér er það einstaklega mikið ánægjuefni að fá þig til að koma hérna upp og taka við Heiðurskrossi ÍSÍ.“

Fundarmenn risu úr sætum og klöppuðu Reyni Ragnarssyni lof í lófa.

**Reynir Ragnarsson, formaður ÍBR, þakkaði fyrir sig:**

„Eins og Ólafur sagði það er kannski erfitt að segja eitthvað eftir svona, þetta kemur alveg í bakið á manni. Ég þakka innilega fyrir mig og reyni að standa undir því að bera þennan glæsilega kross. Takk fyrir.“

**Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, lauk máli sínu:**

„Að lokum kæru þingfulltrúar vil ég vona að þið eigið eftir að eiga gott og málefnalegt þing. Ég hlakka mikið til að fá að vinna með nýrri stjórn ÍBR á komandi kjörtímabili, í það minnsta fram að næsta ípróttaþingi. Að svo mæltu vil ég fá að þakka fyrir mig og vona að þið eigið eftir að fara héðan út með meiri farangur heldur en þið komuð með inn. Takk fyrir.“

## **2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.**

Tillaga var um Eirík Þ. Einarsson, Áslaugu Jónsdóttur og Harald Baldursson. Aðrar tillögur komu ekki fram og lýsti Reynir nefndina því rétt kjörna. Reynir bað kjörbréfanefnd að taka strax til starfa undir forystu Eiríks formanns hennar.

## **3. Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.**

Tillaga var um Svein Jónsson sem fyrsta þingforseta og Sigríði Jónsdóttur sem annan þingforseta. Þingforsetar voru samþykktir með lófataki þingfulltrúa.

Reynir gat þess að Sveinn hafi verið með honum frá upphafi sem þingforseti. Hann sagði honum í byrjun að hann myndi ekki sleppa fyrr en hann hætti sem formaður. Þegar kom að þinginu í ár og Reynir hafði samband við Svein sagðist Sveinn vera hættur þessu en þá sagði Reynir að þetta væri í allra síðasta sinn.

Tillaga var um Þórð Bergmann sem fyrsta þingritara og Sigurgeir Guðmannsson sem annan þingritara. Það var samþykkt með lófataki.

Reynir bað þá Svein að taka við stjórn þingsins.

#### **4. Lagt fram og rætt: Skýrsla stjórnar og ársreikningar og atkvæði greidd um þá.**

**Frímann Ari Ferdinandsson, framkvæmdastjóri ÍBR,** fór yfir helstu atriði skýrslu stjórnar ÍBR. Sjá nánar í skýrslu sem lá fyrir prentuð á þinginu.

**Kristinn Jörundsson, gjaldkeri ÍBR,** fór yfir helstu liði ársreikninga ÍBR, sjá nánar í fyrirbyggjandi ársreikningum.

Kristinn vakti athygli á prentvillu í aðal rekstrareikningnum en þar vantaði ártölin fyrir ofan dálkana á blaðsíðu sjö, hann sagði síðasta rekstrarárið, 2007, vera í dálknum lengst til vinstri. Þá sagði Kristinn aðra villu vera í rekstrarreikningnum í lið tvö en þar stendur styrkur til reksturs skrifstofu ÍBR en á að vera styrkur til ferðalaga innanlands og erlendis auk framlaga til sérráða. Þá sagði hann að tekjur vegna sölu lausra tíma í skólasölum væri hinsvegar megin grunnurinn fyrir rekstri skrifstofu ÍBR.

Kristinn gat þess einnig að ekkert af inneignum ÍBR hefði tapast í bankahruninu í haust því allir fjármunir hefðu verið inná innlánsreikningum.

Sveinn sagði að kjörbréfanefnd hefði lokið störfum og bað formann hennar að tilgreina niðurstöður nefndarinnar áður en gengið væri til umræðu um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

**Eiríkur Þ. Einarsson, formaður kjörbréfanefndar,** greindi frá störfum nefndarinnar. Alls voru mættir 117 fulltrúar af 231 á þingið frá 33 félögum. Eiríkur tilgreindi fulltrúa frá hverju félagi og bað þá að standa upp til staðfestingar. Að lokum bað Eiríkur þingfulltrúa að gefa sig fram við starfsmenn ef einhver kjörbréf myndu bætast við og þau yrðu þá borin undir þingið. Framkomin kjörbréf voru samþykkt. Sveinn þakkaði kjörbréfanefnd fyrir vel unnin störf.

Enginn kvaddi sér hljóðs um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Greidd voru atkvæði um ársreikninga og voru þeir samþykkið með öllum greiddum atkvæðum.

Sveinn bauð þingfulltrúum að taka 15 mínútna hlé og gæða sér á veitingum.

## **ÞINGHLÉ**

#### **5. Fyrri umræða um lagabreytingar, sem liggja fyrir. Laganefnd kjörin til að athuga breytingatillögur fyrir síðari fund þingsins.**

Sex tillögur að breytingum á lögum lágu fyrir þinginu og voru þær á þingskjölum númer 18 til 23.

##### **Þingskjal 18**

Framsögumaður **Jón Pétur Jónsson** flutti tillögu framkvæmdastjórnar ÍBR um breytingar á lögum ÍBR. Jón Pétur sagði ÍBR hafa reynt að ganga í UMFÍ í mörg ár og hafi nafni bandalagsins verið breytt vegna þess í Héraðssambandið Íþróttabandalag Reykjavíkur. Nú væri verið að breyta nafninu aftur í gamla upphaflega nafnið, Íþróttabandalag Reykjavíkur, því það sé ekki fyrirséð á næstu áratugum að ÍBR fái inngöngu í UMFÍ. Jón Pétur bað fólk að lesa vel greinargerðina með tillögunni og styðja það að ÍBR fái endurskrín.

**Sigfús Ægir Árnason**, framkvæmdastjóri TBR, kvaddi sér hljóðs um tillöguna. Hann sagðist viðurkenna að þetta UMFÍ mál væri orðin ansi mikil langavitleysa. Hann sagðist hafa verið annar þeirra sem lögðu til fyrir 10-12 árum að ÍBR myndi sækja um aðild að UMFÍ. Síðan þá hefur hvorki gengið né rekið í þeim efnum en þó munaði aðeins tveimur atkvæðum á síðasta UMFÍ þingi að af inngöngu yrði. Sigfús sagðist vera á því að við ættum ekkert að vera að gefa UMFÍ tækifæri á að hafna okkur endalaust heldur halda áfram að sækja um. Sigfús sagði að flestir yrðu fegnir ef ÍBR hætti að sækja um og þá fengju þeir að reisa byggingu sína í miðbæ Reykjavíkur án okkar afskipta. Við höfum mótmælt því hingað til að aðalstöðvar UMFÍ verði byggðar í miðbæ Reykjavíkur öðru vísi en að við höfum þar aðild að og hefur Reykjavíkurborg stoppað framkvæmdir í ljósi þess. Hann sagði ljóst að ef við hættum að sækja um þá væri forsenda fyrir frestun á byggingu hússins ekki lengur til staðar. Sigfús sagðist ekki geta unnt þeim þess að hafna okkur og gefa okkur langt nef um alla framtíð.

Að lokum notaði Sigfús tækifærið og mælti með þingskjali nr. 23 til að tefja ekki þingið en það var tillaga Sigfúsar um áframhaldandi umsókn um aðild að UMFÍ. Hann sagði ÍBR ekki hafa neinu að tapa við að halda áfram að sækja um aðild að Ungmennafélagi Íslands. Nafnið Héraðssambandið Íþróttabandalag Reykjavíkur sagði Sigfús vera algert klúður. Hann vildi því viðra þá hugmynd formanns Ármanns að nota Ingólf sem jú er í merki ÍBR og kalla bandalagið Héraðssambandið Ingólf. Nafnið yrði þá Íþróttabandalag Reykjavíkur bandstrik Héraðssambandið Ingólfur eða öfugt. Við erum á Ingólfssvæðinu og það væri bara gaman að keppa við Skarphéðinn undir nafni Ingólfs og vera stoltir af því. Svo geta menn verið ÍBR áfram hér í rólegheitum en þegar við mætum þeim á þeirra grundvelli erum við Ingólfsmenn. Ég vil ekki gefast upp í þessu máli og leyfa þeim að njóta þess að hafa neitað okkur sagði Sigfús að lokum.

Sveinn Þingforseti sagði orðið laust um þingskjal númer 18 ásamt tillögu Sigfúsar Ægis á þingskjali númer 23.

**Örn Andrésson**, varaformaður ÍBR, kvaddi sér hljóðs um tillöguna „Þetta er að verða eins og langavitleysa sem er endurtekin þing eftir þing. Eins og einhver góður maður sagði þá á maður ekki að mæta í partýið ef manni er ekki boðið. Ef grundvöllurinn breytist hjá UMFÍ þá eigum við bara að bíða eftir því að þeir bjóði okkur aðild. Það þýðir ekkert að vera að sækja um og sækja um. Loksins eftir 12 ár þá fengum við þá niðurstöðu að okkur væri hafnað. Við erum það stór og þeim stendur ógn af okkur og því held ég að það verði aldrei friður eða sátt með það að við göngum þarna inn. Við erum búin að breyta og breyta þing eftir þing til að fara að þeirra kröfum án þess að það dugi til. Væntanlega væri búið að bjóða okkur inn núna ef bankahrunið hefði ekki orðið bara svo að hægt væri að byggja þetta hótél niðri í bæ. Það verður einhver tími í að það verði byggt. Ég legg til að við snúum okkur að okkar málum og látum þá í friði.“

**Jón Pétur Jónsson**, framkvæmdastjórn ÍBR, kvaddi sér hljóðs um tillöguna. Hann sagðist sammála Erni vini sínum um að þetta væri þvílík endemis langavitleysa og að honum væri nóg boðið. Hér hefur enn og aftur verið flutt tillaga um aðild að UMFÍ. Jón Pétur sagðist hafa setið í stjórn ÍBR í 5 ár og fylgst með árangurslausum tilraunum þess ágæta manns Reynis Ragnarssonar sem hafi reynt sitt allra besta til að reyna að koma bandalaginu inn í UMFÍ. Hann sagði Reyni hafa fundað með, farið í heimsókn og boðið í heimsókn öllum þeim í ungmennahreyfingunni sem hugsast getur. Alltaf gengið á vegg. Jón Pétur sagðist ekki skilja hvað við þyrftum mörg ár til að skilja að UMFÍ vill ekki fá ÍBR inní sín samtök. Hann bað þingfulltrúa að gera ekki næsta formanni og hans stjórn þann óleik að þurfa að hafa það yfir sér að þurfa

að fylgja eftir umsókn ÍBR í UMFÍ sem vilja alls ekki fá okkur þangað. Hann lagði til að menn hættu þessum skrípaleik myndu snúa sér að uppbyggingu félaganna hér í Reykjavík.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs um tillögurnar og var þeim vísað til laganeftdar.

### **Þingskjal 19**

Framsögumaður, **Frímánn Ari Ferdinándsson**, framkvæmdastjóri ÍBR, fjallaði um tillögu framkvæmdastjórnar um breytingar á lögum ÍBR hvað varðar kosningar til ársþings. Hann sagði að með nýju fyrirkomulagi yrði vitað tveimur vikum fyrir þing hverjir myndu bjóða sig fram til stjórnarsetu. Þá gæti kjörnefnd sem kosin yrði á þinginu á undan farið í það mál að finna fólk í embætti ef þess þyrfti. Frímánn sagði þessa tillögu í samræmi við það sem gerist hjá öðrum sérsamböndum, ÍSÍ og einhverjum héraðssamböndum líka.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til laganeftdar.

### **Þingskjal 20**

Framsögumaður, **Frímánn Ari Ferdinándsson**, framkvæmdastjóri ÍBR, fjallaði um tillögu framkvæmdastjórnar um breytingar á lögum ÍBR hvað varðar boðun þings og sendingar gagna. Hann sagði þetta aðra hagræðingartillögu þar sem verið væri að hnykkja á því að allar tillögur og sendingar um breytingar á lögum yrðu sendar með meiri fyrirvara en nú er. Það gæfi tækifæri til að undirbúa þingið betur og á einfaldari máta en nú væri gert. Hann sagði þessar lagabreytingar vera eins og síðasta breyting í samræmi við það sem gerist hjá öðrum í íþróttahreyfingunni.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til laganeftdar.

Þá var kosið í laganeftnd. Tillaga lá fyrir um Gunnar Kristinsson sem formann, Ingibjörgu Haraldsdóttur, Viggó H. Viggósson, Stefán Laxdal og Guðmund Pétursson. Ekki var tillaga um aðra og var nefndin því réttkjörin.

Þá voru lagðar fyrir aðrar tillögur sem vísa átti til laganeftdar.

### **Þingskjal 21**

Framsögumaður, **Frímánn Ari Ferdinándsson**, framkvæmdastjóri ÍBR, fjallaði um tillögu framkvæmdastjórnar um nýtt merki ÍBR. Frímánn sagði þá hugmynd hafa verið uppi um árabíl innan stjórnar ÍBR hvort að ekki væri rétt að endurnýja merki bandalagsins. Margar hugmyndir hafa komið fram og verið kynntar á tveimur formannafundum. Ein hugmyndin sem fram kom var mjög lík merki sem útbúið hafði verið fyrir ákveðið mannvirki í borginni og átti að kynna næstu daga. Sú hugmynd var því slegin út af borðinu. Hugmyndin sem hér liggur fyrir þingi var einnig kynnt á síðasta formannafundi.

**Arnór Pétursson**, ÍFR, kvaddi sér hljóðs um tillöguna. Hann taldi enga ástæðu til að skipta um merki bandalagsins. Núverandi merki væri fallegra en það merki sem tillagan fjallaði um.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og var tillögunni vísað til laganeftdar.

## **Þingskjal 22**

Framsögumaður, **Jóhannes Óli Garðarsson**, lagði fram tillögu framkvæmdastjórnar um brottvikningu félaga úr ÍBR.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til laganefndar.

## **6. Umræða um stefnumótun og starfsáætlun ÍBR.**

### **Þingskjal 13**

Framsögumaður, **Frímann Ari Ferdinandsson**, framkvæmdastjóri ÍBR, lagði fram tillögu framkvæmdastjórnar um stefnumótun og starfsáætlun starfsárið 2009 og 2010.

Sigríður Jónsdóttir, varaforseti þingsins, tók við stjórn af Sveini.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til allsherjarnefndar.

## **7. Ræddar tillögur og mál, sem liggja fyrir.**

### **Þingskjal 1**

Framsögumaður, **Jónas Sigurðsson**, framkvæmdastjóri ÍBR, lagði fram áskorun framkvæmdastjórnar um ferðasjóð ríkisins. Jónas sagði að fyrr um daginn hefði verið úthlutað tæpum 60 milljónum úr þessum ferðasjóði. Þegar sjóðurinn var stofnaður voru áform uppi um að upphæðirnar yrðu töluvert hærri og vonaðist Jónas til að staðið yrði við fyrri áform.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til fjárhagsnefndar.

### **Þingskjal 2**

Framsögumaður, **Jónas Sigurðsson**, framkvæmdastjóri ÍBR, lagði fram áskorun framkvæmdastjórnar um þjóðarleikvanga. Jónas sagði ríkið hafa komið að uppbyggingu síðasta áfanga Laugardalsvallar en það sé jafnframt eina mannvirkni í Reykjavík sem ríkið hafi komið að. Þrátt fyrir það væru mannvirki margra annarra íþróttagreina í Reykjavík notuð sem þjóðarleikvangar. Ríkisvaldið er með þessari áskorun hvatt til að marka sér þá stefnu að þjóðarleikvangar, hvar sem þeir eru staðsettir á landinu, séu styrktir sagði Jónas.

**Gunnlaugur Júlíusson, R36**, kvaddi sér hljóðs um áskorunina. Gunnlaugur byrjaði á því að þakka formanni ÍBR fyrir góða ræðu og gott yfirlit yfir það starf sem ÍBR hefur unnið að á síðustu þremur árum. Hann sagðist ekki skilja alveg þessa tillögu um þjóðarleikvanga eins og hún væri sett fram. Hann sagði mikilvægt að skýra hana nánar og hafa hana vandaða. Hann sagði að í sínum huga væri bara einn þjóðarleikvangur líkt og það væri bara eitt þjóðleikhús og eitt þjóðminjasafn. Hann sagði að það mætti vel vera að það væri verið að tala um sérhæfða aðstöðu sem gagnaðist einni íþróttagrein. Það væri hinsvegar þannig að t.d. hestaíþróttir væru með sína stóru leikvanga víðsvegar um landið. Hann bað

nefndina að skoða orðalag áskorunarinnar vel svo að hún væri örugglega skýr því hann skildi hana ekki eins og hún væri lögð fram hér.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs um tillöguna og var henni vísað til fjárhagsnefndar.

### **Pingskjal 3**

Framsögumaður, **Reynir Ragnarsson, formaður ÍBR**, lagði fram áskorun framkvæmdarstjórnar um skattaívilnanir fyrir íþróttþjálfara. Hann sagði þessa umræðu oft hafa komið upp innan íþróttahreyfingarinnar enda þekkt víða í nágrennalöndunum. Reynir sagði að ÍBR hefði einu sinni sent fjármálaráðherra bréf þar sem óskað var eftir að hann beitti sér fyrir því að gerðar yrðu lagabreytingar þannig að menn gætu fengið einhvern frádrátt. Þá sagði Reynir að búið hefði verið að útfæra þetta fyrir ráðherrann en hann hafði ekki áhuga á því að nýta sér þær hugmyndir. Með þessari tillögu viljum við hvetja ríkisvaldið til að skoða gaumgæfilega hvort ekki megi veita íþróttþjálfurum sem þjálfar börn og unglinga einhverskonar skattaafslætti. Þetta er rétti tíminn núna til að senda þessa áskorun því búast má við því eftir bankahrunið að skattalögum verði eitthvað breytt og sumir segja að hækka eigi á okkur skattbyrðina.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til fjárhagsnefndar.

### **Pingskjal 4a**

Framsögumaður, **Gísli Georgsson, formaður millipinganefndar**, lagði fram tillögu um ráðstöfun sjóða ÍBR. Gísli sagði millipinganefnd hafa starfaði frá árinu 2004 til að fjalla um ráðstöfun sjóða ÍBR og að nefndin hefði hitst töluvert á tímabilinu. Lögð var fram bráðabirgða tillaga frá nefndinni á þinginu 2006 og fékk hún þá framlengt umboð til að fjalla um málið og hefur nú loks lokið störfum sínum með þeirri tillögu sem liggur fyrir þinginu. Meirihluti nefndarinnar stendur á bak við þessa tillögu eða þau Gísli Georgsson, Björn Guðbjörnsson, Guðrún Stella Gunnarsdóttir og Ólafur Gylfason. Garðar Eyland sem einnig var í nefndinni skilar sinni eigin tillögu sem hann gerir sjálfsgreint fyrir hér á eftir. Markmiðið með þessari tillögu sem hér er lögð fram er að styrkja stóðir íþróttastarfsins í Reykjavík og ráðstafa til þess sjóðum ÍBR með einhverjum hætti. Meirihluti nefndarinnar telur að fjármunum sjóða ÍBR sé best fyrir komið í höndum félaganna í Reykjavík. Megin hluti innistæðanna verði því skipt með reglum um Grunnstyrk ÍBR enda eru það einu reglurnar sem til eru um skiptingu fjármagns milli félaganna hluti af fjármununum verði þó ennþá í vörslu ÍBR eða 25%. Gísli sagði langstærstan hlut þessara fjármuna hafa orðið til hjá íþróttafélögunum í Reykjavík vegna þeirra starfsemi og einkum hjá þeim eldri og mest vegna skattlagninga á áhorfendatekjur á kappleikjum frá sjötta áratug síðustu aldar og fram yfir 1990. Sögu sjóðanna er hægt að kynna sér nánar í greinargerð um tillöguna sem tekin var saman af Sigurgeiri Guðmannssyni. Að lokum vildi Gísli þakka stjórn og starfsmönnum ÍBR fyrir aðstoðina í þessu máli. Þórður fjármálastjóri veitti mikla aðstoð og mjög líflegar umræður sköpuðust um ráðstöfun sjóðanna. Gísli vildi jafnframt þakka ÍBR fyrir að hafa varðveitt þessa peninga afar vel. Ekkert tjón varð á þeim í bankahruninu og líklega ekki margir sem ekki hafa tapað peningum á því. Gísli vissi ekki hverjum það var að þakka en taldi það væntanlega vera stjórn ÍBR og Þórður fjármálastjóri sem hefðu verið þar fremst í flokki. Hann telur tímabært að þessum peningum sem komu frá félögunum verði nú aftur komið til þeirra.

**Sigríður Jónsdóttir**, þingforseti, bað síðan Garðar Eyland um að flytja tillögu á þingskjali 4b áður en umræður væru opnaðar þar sem tillögurnar væru nátengdar.

#### **Þingskjal 4b**

Framsögumaður, **Garðar Eyland**, GR, lagði fram tillögu um ráðstöfun sjóða ÍBR. Garðar sagði það rétt sem áður hafi komið fram að hann hefði átt sæti í millipinganeftdinni. Hann vildi byrja á því að þakka fyrir ágæt kynni sín af því fólki sem þar var. Síðan las hann tillöguna í heild sinni. Garðar sagði að sjóðirnir væru tveir, Slysatriggingasjóður stofnaður 1944 og Húsnæðissjóður stofnaður 1952. Hann sagði sína tillögu vera að slysatriggingasjóður yrði lagður niður og honum skipt upp. Um er að ræða 41 milljón. Það má deila um hvernig skiptingu verði háttáð en í hans huga er aðal atriðið að skiptingin nái til allra aðildarfélaga. Tillagan gengur út á það að sjóðnum verði skipt upp til félaganna eftir aldri þeirra og stærð. Honum fyndist persónulega að eigi að skipta einhverju á milli félaga í samtökum eigi að skipta því á milli allra sem í samtökunum eru en ekki bara hluta þeirra. Í annan stað gengur tillagan út á það að höfuðstóll Húsnæðissjóðsins, u.þ.b 55 milljónir, standi óhreyfður. Hluti ávöxtunarinnar verði notuð til að styrkja ungt íþróttafólk til frekari afreka. Síðan mætti rýmka úthlutunarreglurnar þannig að fleiri ættu kost á því að sækja um styrki í sjóðinn. Við erum á miklum óvissutímum og hafi einhvern tíman verið tilefni til þess að varðveita sjóði innan íþróttahreyfingarinnar þá er það einmitt núna. Á undanförunum árum 2001-2008 hefur ÍBR aðstoðað við lántökur til íþróttafélaganna. Það hefur einnig þurft að aðstoða félög við tímabundna greiðsluferfiðleika t.d orkureikninga, vörsluskatta o.s.frv. Það verður að hafa það í huga núna á þessum síðustu og verstu tímum að slíkir hlutir gætu endurtekið sig. Það má færa rök fyrir því að ÍBR eigi ekki að starfa sem lánastofnun fyrir aðildarfélögin. Það er nú samt einu sinni þannig að þrátt fyrir slíkar röksemdarfærslur þá hafa hin ýmsu félög notið þess að eiga bakhjarl í þessum sjóði. Ég vona að slíkur sjóður verði áfram til og að hann verði notaður til að styrkja þá sem á því þurfa að halda. Fyrir utan þetta væri ágætt að skjóta inn smá gamanmáli. Sigfús Ægir kom hér í pontu áðan og minntist á það að það væri ágætt að hindra það að Ungmennafélag Íslands tæki sér bólfestu í miðborginni. Það mætti þá frekar nota þennan sjóð til að kaupa þessa lóð og losna þá við þá endanlega.

**Reynir Ragnarsson, formaður ÍBR**, kvaddi sér hljóðs um tillöguna: „Ég nefndi það í ávarpi mínu að það hafi verið gæfa ÍBR að vera fjárhagslega sterkt. Einhver góður maður sagði hinsvegar að vandamálin byrjuðu fyrst þegar menn ættu pening. Þetta er peningavandamál. Ég hefði talið að það væri eðlilegra að við nýttum þessa peninga sameiginlega hreyfingin því það er það sem við höfum verið að gera undanfarin ár. Við höfum verið að nota ávöxtunina af þessum sjóðum í hin ýmsu verkefni. Eins og t.d. samningurinn sem við gerðum við SPRON til þriggja ára þar sem við borgum fimm milljónir á ári í verkefnið. Eins þegar við vorum aðilar að Afreks- og styrktarsjóði Reykjavíkur með borginni þá notuðum við fjármuni úr ávöxtun þessara sjóða. Ég er hræddur um það að ef að við ætlum að fara að deila út 75% af þessum sjóðum þá verði ansi lítið eftir til þess að setja í svona verkefni. Sérstaklega í ljósi þess að vextir eiga ábyggilega eftir að lækka í þessu afbrigðilega ástandi sem við lifum í. Það standa kannski 25 milljónir eftir og þá erum við í mestalagi með 2,5 milljónir í svona verkefni. Eins finnst mér persónulega að það standist ekki lagalega og ekki heldur heilbrigða skynsemi að í samtökum þar sem eru 74 aðildarfélög sé aðeins helmingurinn sem fær eitthvað útúr svona útdeilingu. Svo vil ég líka benda á það eins og Gísli var að tala um áðan að þetta væri allt saman komið frá félögunum. Ég held að það sé einhver misskilningur í því sambandi. Félögin hafa aldrei lagt krónu inni þetta. Þau 20 ár sem ég er búin

að starfa hérna þá hefur það verið markmið stjórnarinnar að deila út öllum þeim fjármunum sem hafa komið inn í formi styrkja. Þannig að hér situr ekkert eftir. Ég get nefnt það eins og með lottósjóðinn að ég held að við séum eina íþróttabandalagið eða héraðssambandið á landinu sem að deilir út hverri einu og einustu krónu í lottóinu. Hin taka öll einhvern skerf til eigin rekstrar. Gísli talaði um það áðan að þessir peningar hefðu orðið til m.a útaf tekjum af aðgöngumiðum. Þ.e. við fengum í mörg ár 6% af seldum aðgöngumiðum bæði á Laugardalsvelli og í Laugardalshöllinni. Þessir peningar fóru að hluta til í slyasjóðinn og í þennan húsnæðissjóð að hluta til. Ég held nú að aðal tekjurnar hafi komið af landsleikjum og þessir leikir félaganna hafi ekki gefið mikið. Ég nefni líka sem dæmi að Íþróttabandalagið keypti á sínum tíma Hálogaland þegar herinn fór héðan. Síðan var þetta selt aftur borginni. Við áttum líka hluta í Laugardalshöllinni þeirri gömlu og hann seldum við borginni. Þannig tel ég að stofninn af þessum peningum hafi orðið til. Eins áttum við jörð austur í Grímsnesi, sællar minningar, sem við seldum fyrir nokkrum árum. Við vorum reyndar búnir að vera með hana í sölumeðferð í 10 ár. Þaðan kom hluti af þessum peningum. Ég held að eigi íþróttafélögin eitthvert sérstakt tilkall til þessara peninga þá sé það ekki á þeim grundvelli að þau hafi lagt eitthvað svo mikið til, það er alveg þvert á móti. Ég vil því hvetja fjárhagsnefndina sem fjallar um þetta að hugsa þetta út frá því að við stöndum miklu betur saman heldur en sundraðir.“

**Sigfús Ægir Árnason, TBR**, kvaddi sér hljóðs um tillöguna. Sigfús lýsti andstöðu sinni á báðum tillögnum. Hann sagðist ekki bara vera þrjóskur og vilja ganga í UMFÍ heldur væri hann líka nískur og tímdi ekki að eyða þessum peningum á þann hátt sem verið væri að tala um. Hann vildi hrósa sérstaklega stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur fyrir framtíðarsýn sem þeir koma með hér og leggja til góðar tillögur eins og t.d. rannsóknarmiðstöð tvær tillögur og samþykkt um stuðning við afreksíþróttafólk. Þetta eru allt saman tillögur sem kosta töluverðan pening sagði Sigfús. Það verður miklu auðveldara að vinna þessu brautargengi í kerfinu ef við höfum eitthvað sjálf til þess að leggja með slíkum tillögum. Ef við hreinsum upp sjóðina okkar og getum ekki lagt neitt til málanna þá verður miklu erfiðara að vinna þetta eins og okkur langar til. Þó að það séu kannski þrjár til fjórar miljónir sem við leggjum kannski með hugsanlega Borginni eða með Ríkinu þá verður miklu betur tekið í okkar erindi. Það getur verið voðalega gaman að fá pening þetta árið en svo er hann bara búinn og þá eru engir sjóðir eftir til að vinna með í framtíðinni. Sigfús lagði að lokum að hann legði til að hvorug tillagnanna yrði samþykkt.

**Gústaf Hjaltason, Ægi**, kvaddi sér hljóðs um tillöguna. Hann sagðist koma upp til að taka undir orð Reynis og Sigfúsar Ægis. Gústaf lagði fram frávísunartillögu um að þingskjali 4a og þingskjali 4b verði báðum vísað frá. Sjóðunum verði þannig áfram haldið í vörslu ÍBR og til að nota í framtíðinni samkvæmt þeirri stefnu sem hér hefur verið lögð fram.

**Sigríður Jónsdóttir**, varþingforseti, sagði að fram væri komin frávísunartillaga á báðar tillögurnar. Hún sagði þingheimi að gert yrði örstutt hlé til að fletta upp í reglum hvað bæri að gera í slíku tilviki svo að allt færi rétt fram.

Eftir stutt hlé hélt Sigríður áfram.

Sigríður þakkaði þingfulltrúum þolinmæðina og sagði að orðið væri laust um frávísunartillöguna.



**Gísli Georgsson, formaður millipinganevndar**, kvaddi sér hljóðs um frávísunartillöguna. Hann sagðist vera svolítið hissa. Hann sagði að búið væri að undirbúa mál í millipinganevnd um árabíl. Að hans mati lægju ágætlega gerðar tillögur á borðinu sem mætti ekki ræða. Eðlilegar leikreglur um lýðræði væru sem sagt ekki í heiðri hafðar. Hann lagði til að frávísunartillagan væru felld og málið rætt. Gísli sagði að það væri búið að samþykkja það á tveimur þingum að þetta mál ætti að vera á dagskrá. Það er á dagskrá og við hendum því ekki bara í ruslafötuna og byrjum svo aftur eftir tvö ár sagði Gísli. Hann sagði að sín tillaga væri að sjálfsgöðu að þessi frávísunartillaga yrði felld og málið færi í nefnd á morgun og yrði svo klárað á laugardaginn með heiðarlegri lýðræðislegri kosningu.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Sigríður, varaforseti, sagði umræðum lokið. Hún bar upp frávísunartillöguna frá Gústafi Hjaltasyni, en hún hljóðaði svo: „Lagt er til að þingskjöl 4a og 4b um sjóði ÍBR verði vísað frá.“ Þeir sem samþykkja tillöguna voru beðnir að sýna merki með grænu spjaldi. Sigríður útskýrði að yrði tillagan samþykkt væri tillögum 4a og 4b vísað frá og þær væru ekki lengur til umræðu á þinginu og þær færu því ekki til efnislegrar umfjöllunar í fjárhagsnefnd. Þeir sem gefa merki með grænu spjaldi samþykkja því að tillagan komi ekki til umfjöllunar en þeir sem gefa merki með rauðu spjaldi samþykkja að tillagan fari til umfjöllunar í fjárhagsnefnd og komi síðan aftur til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu á laugardag.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var að 42 greiddu atkvæði með frávísunartillögunni gegn 36 sem voru á móti. Sigríður sagði að tillögunni væri því vísað frá og hún færi því hvorki til efnislegrar umræðu í fjárhagsnefnd né til atkvæðagreiðslu á laugardaginn.

#### **Þingskjal 5**

Framsögumaður, **Reynir Ragnarsson, formaður ÍBR**, lagði fram tillögu framkvæmdastjórnar ÍBR: „Ályktun um stuðning Reykjavíkurborgar við íþróttastarf“. Hann sagði tilefni þessarar tillögu að borgin væri búin að aftengja þessa svokölluðu vísitölubindingu í samningum við íþróttafélögin og heldur hefði verið dregið úr framlögum til íþróttastarfsins. Hann sagði framkvæmdastjórnina telja að þetta væri ekki rétt á þessum óvissutímum og erfiðleikatímum sem eru í þjóðfélaginu. Hann sagði að þetta sendi röng skilaboð út í samfélagið og væri frekar nær að auka stuðninginn heldur en hitt og gera fleirum kleift að stunda íþróttir.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til fjárhagsnevndar.

#### **Þingskjal 6**

Framsögumaður, **Reynir Ragnarsson, formaður ÍBR**, lagði fram tillögu framkvæmdastjórnar ÍBR: „Ályktun til Reykjavíkurborgar um framkvæmdir við íþróttamannvirki í Reykjavík“. Hann sagði tillöguna vera hvatningu til borgaryfirvalda um að þær framkvæmdir við íþróttamannvirki sem þegar eru hafnar yrði kláraðar og aukið fjármagn yrði sett í viðhald á mannvirkjum sem til staðar væru. Reynir sagði að stjórnvöld hefðu talað um að eins og ástandið væri núna væri ráð að fara í mannaflsfrekar framkvæmdir og skapa þeim aðilum sem eru að tapa vinnu einhver verkefni. Hjá íþróttafélögunum er fullt af viðhaldsverkefnum sem eðlilegt er að borgin setji pening í. Borgin er með þessari ályktun sem sagt hvött til að skoða þessi mál í samráði við hreyfinguna sagði Reynir.

**Arnór Pétursson**, ÍFR, kvaddi sér hljóðs og lagði til að gerð yrði breyting á tillögunni. Hann sagði að ekki væri hægt að auka við eitthvað sem væri á núlli. Hann vildi meina að ekki væri lögð króna til viðhaldsframkvæmda félaganna eins og staðan væri í dag.

Sigríður þakkaði Arnóri fyrir ábendinguna og sagði að henni yrði komið áleiðis.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs um tillöguna og var henni vísað til fjárhagsnefndar.

### **Þingskjal 8**

Framsögumaður, **Þórdís Gísladóttir**, lagði fram tillögu framkvæmdastjórnar ÍBR: „Ályktun um betri samgöngur fyrir börn að íþróttaaðstöðu“. Hún sagði tillöguna ganga út á það að hvetja Reykjavíkurborg til að tryggja betur góðar samgöngur fyrir börn að íþróttaaðstöðu. Þórdís sagði bæði um að ræða samgöngur fyrir gangandi, hjólandi og þá sem þurfa að fara með fólksflutningabílum. Hún sagði kannanir hafa sýnt að þar sem aðgengi að íþróttaaðstöðu væri gott hefði þátttaka barna í íþróttum aukist. Tillagan gangi því út á það að hvetja Reykjavíkurborg til að skoða þetta. T.d. hvort hægt væri að koma að strætóferðum innan hverfa að íþróttamannvirkjum og einnig að gæta fyllsta öryggis því að oft þurfa börn að fara yfir stórar umferðagötur. Að lokum hvatti Þórdís þingfulltrúa til að samþykkja þessa ályktun.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til allsherjarnefndar.

### **Þingskjal 9**

Framsögumaður, **Jónas Sigurðsson**, lagði fram tillögu framkvæmdastjórnar ÍBR: „Ályktun um betra aðgengi fyrir alla í Laugardalnum“. Hann sagði þessa tillögu miða að því að litið yrði á Laugardalinn sem eitt heildarsvæði. Aðgengi ætti að vera gott á svæðinu og öryggi íbúa og gangandi vegfarenda væri tryggt. Reynsla síðustu ára með stórmót, fjölíþrótt- og alþjóðleg mót, er að mannvirkin í dalnum fá mjög háa einkunn og dalurinn er til sóma en bæta mætti aðgengi á milli húsanna. Þetta er liður í því að bæta svæðið og geta auglýst það betur til mótahalds.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til allsherjarnefndar.

### **Þingskjal 10a**

Framsögumaður, **Örn Andrésson**, varaformaður ÍBR, lagði fram tillögu framkvæmdastjórnar ÍBR: „Samþykkt um rannsóknarmiðstöð“. Örn lagði til að stjórn og þing ÍBR samþykkti að ÍBR haldi áfram vinnu við rannsóknarmiðstöð fyrir íþróttir í Laugardal og hvatti Reykjavíkurborg til að styðja myndalega við þetta verkefni. Hann sagði stjórn ÍBR í samstafi við ÍSÍ og fleiri aðila hafa unnið að undirbúningi við að koma á fót slíkri rannsóknarmiðstöð. Örn sagði verkefnið hafa reyndar líka gengið undir heitinu afreksmiðstöð en nýja nafnið þótti henta betur. Með hugtakinu rannsóknarmiðstöð sagði Örn átt við aðstöðu fyrir íþróttafólk, sérstaklega afreksfólk í íþróttum, þar sem hægt yrði að fá mikla þjónustu á sviði rannsókna, mælinga og ráðgjafar á sviði íþróttafraeðinnar. Einnig fyrirbyggjandi aðgerðir og æfingu vegna íþróttameiðsla unna af fagmenntuðu fólki, helst þeim sem fremstir eru á þessu sviði á landinu. Þá sagði Örn svona miðstöðvar eða álíka fyrirbæri að finna í öllum þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við og hafa jafnvel verið lengi. Hjá þeim þjóðum sem hafa komið slíkum stöðvum á fót finna menn fyrir miklum jákvæðum áhrifum í árangri íþróttamanna og nýtur hið akademíska umhverfi góðs af. Þetta verkefni hefur verið í gangi núna í undirbúningi síðustu þrjú ár og við undirbúninginn hefur

verið haft náið samstarf við ÍSÍ og sérsamböndin og eru viðbrögðin jákvæð. Ég held að mikilvægt sé fyrir íþróttafélögin í Reykjavík og ÍBR að fá þetta hingað í Laugardalinn; hér eru flest sérsamböndin og íþróttamannvirkin og mun þetta gefa umhverfinu hérna ákveðinn stimpil hjá erlendum sérsamböndum og íþróttagreinum að koma hér í æfingabúðir og þar fram eftir götunum sagði Örn. Þar fyrir utan höfum við átt fundi með bæði fyrrverandi ráðherrum, bæði heilbrigðis- og menntamálaráðherra ásamt lýðheilsustofnun og bæði Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Það eru allir mjög jákvæðir varðandi verkefnið en eitthvað skref þarf að stíga til þess að þetta fari almennilega af stað. Það eru allir tilbúnir en það vantar bara að fólk opni budduna og segi til, ég er hérna, láttu mig bara vita hvað ég á að gera. Í ljósi þess að ekki er búið að ráðstafa 75% af sjóði ÍBR þá beini ég því kannski til fjárhagsnefndar að huga að þessu þegar það fer yfir fjárhagsáætlun bandalagsins.

### **Þingskjal 10b**

Framsögumaður, **Gunnar Páll Jóakimsson**, lagði fram tillögu Íþróttafélags Reykjavíkur: „Samþykkt um Rannsóknarmiðstöð“. Gunnar Páll sagði: „ÍR-ingar leggja til að ÍBR hafi frumkvæði að stofnun íþróttamiðstöðvar í hagnýtum rannsóknum á íþróttum. Við leggjum að sjálfsgöðu til að það verði hérna í Laugardal eins og lagt er til í hinni tillögunni. Líklegast verður gerð ein tillaga úr þessum tveimur liðum í nefnd en kannski má lesa úr þessu hjá okkur að skýrsla var gefin út, mjög góð tel ég, árið 2007. Við höfum reyndar nú þegar verið upplýst um ýmislegt sem hefur verið gert hér og við höfum kannski ekki vitað af í starfi en við teljum að sameiginlegir hagsmunir okkar í Reykjavík séu mjög miklir í þessu. Ég hef starfað í þessu í yfir 30 ár, bæði við þjálfun og í keppni og þar hafa orðið miklar framfarir, mjög vel starfað á faglega sviðinu tel ég og sérstaklega miklar framfarir í barna- og unglingsþjálfun og ég tel þetta vera næsta skref, að við hugum að starfi sem fer fram í svona rannsóknarmiðstöð fyrir okkar afrekssólk. Við vitum að við verðum að vinna að þessum málum, semja við fólk, þær háskólastofnanir sem eru mjög jákvæðar, bæði Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík, einkastofnanir úti í bæ og menn eru að gera þetta dálítið mikið hver í sínu horni. Félögin eru að setja af stað afreksskóla sem hafa reyndar mismunandi nöfn. Við teljum að það vanti þetta skref en spurningin er hvort það eigi að taka eitt stórt skref í byrjun eða minni skref í upphafi er spurning en miðað við þessa umræðu sem við höfum heyrt þá lögðum við til að ÍBR hreinlega tæki frumkvæðið að þessu máli.

**Þórdís Gísladóttir** kvaddi sér hljóðs um tillöguna. Þórdís sagði: „Ég vil hvetja til umræðu um þetta því þetta er stórt mál fyrir okkur og þetta er eitthvað sem ætti að vera sameiginlegt mál fyrir okkur. Hérna er eitthvað sem allir geta notað alveg sama úr hvaða íþróttagrein þeir koma og þetta er eiginlega það eina sem okkur vantar hérna í Laugardalnum til að gera þetta að alþjóðlegu æfingabúða „senterí“. Það hafa komið hérna aðilar til að taka út svæðið og þeir hafa nefnt að þetta sé það eina sem vanti.

Ég hef verið í varastjórn ÍBR í þessi þrjú ár og hef unnið að þessari tillögu og þessu starfi heilmikið í stjórninni. Ég er pínulítið sjokkeruð yfir afgreiðslu þessa máls hérna áðan í sambandi við skiptingu sjóðanna. Þó að mín persónulega skoðun hafi verið sú að það væri nú ekki gott að eyða þessum peningum og bara miðað við hvernig staðan er hérna á landinu þá held ég að það sé spurning hver á að eyða öllum peningunum, er það við eða næsta kynslóð. Það hefði verið betra ef við hefðum getað náð einhverri sátt, dálítið leiðinlegt ef ekki er hægt að ræða um þetta hérna lýðræðislega. Okkar hlutverk í stjórn er að við erum bara þjónar sem erum í stjórn, fyrir ykkur íþróttafélögin og að gera það sem þið viljið. Hvort við getum náð þá einhverri sátt um það að hvetja fjárhagsnefnd til að ræða um þetta mál í

einhverju samhengi. Þarna eru til fullt af peningum, getum við notað þá peninga til að búa til eitthvað sem við getum öll notað því að ef niðurstaðan hefði verið að við ættum að tæma þessa sjóði þá hefði kannski verið lítið til skiptanna þegar við erum með 74 félög sem fá einhvern smá pening en hérna getum við fengið mikið og því hvet ég ykkur að skoða vel þetta mál. Þetta er góð skýrsla sem var unnin og ég er ekki viss um að þið hafið öll kynnt ykkur hana, endilega lesið skýrsluna og sjáið hvort við getum ekki sameinast um eitthvað gott hér og við getum notað þessa peninga þannig að allir verði ánægðir.“

Ekki kvöddu sér fleiri hljóðs um tillöguna og því var þingskjölum 10 a og 10 b vísað til allsherjarnefndar.

### **Þingskjal 11**

Framsögumaður, **Örn Andrésson**, varaformaður ÍBR, lagði fram tillögu framkvæmdastjórnar ÍBR: „Samþykkt um stuðning við afreksíþróttafólk“. Örn sagði: „Stjórn ÍBR hefur unnið að undirbúningi verks sem fengið hefur vinnuheitið *Team Reykjavík*. Þetta er hliðstætt verkefnum sem við höfum skoðað og heitir *Team Copenhagen* þar sem Kaupmannahafnarborg og félögin þar hafa unnið að og víðar. Hugmyndin er að velja besta afreksfólkið úr ýmsum greinum, hópíþróttum og einstaklingsíþróttunum í sérstakan hóp. Lögð hefur verið áhersla á stuðning við íþróttafólkið í formi þjálfunar og fræðslu, aðstöðu og þjónustu svo sem varðandi sálfræði, endurhæfingu, mælingar og fleira til þess að bæta árangur sinn enn frekar. Þetta er í rauninni bara sú þjónusta sem við erum að tala um að þessi rannsóknarmiðstöð bjóði upp á og við höfum náttúrulega verið að styðja eins og komið hefur hérna fram, við okkar besta íþróttafólk með fjárhagslegum stuðningi, t. d. við undirbúning vegna Ólympíuleikanna. Við höfum verið að velja lið til að taka þátt í ungmennaleikum og skólaleikum og fara þau fyrir hönd Reykjavíkur. Með þessu erum við að búa til umgjörð og gera eitthvað þannig að þeir sem eru í íþróttum í Reykjavík hafi til einhvers að vinna að komast inn í þennan hóp. Þarna er að sjálfsögðu verið að tala um fólk úr sem flestum ef ekki öllum íþróttgreinum.“

**Gunnar Páll Jóakimsson, ÍR**, kvaddi sér hljóðs um tillöguna og sagði: „Þetta er mér mjög mikið hjartans mál bæði þessi tillaga á undan og þessi hér. Það hefur verið unnið mjög gott starf hjá ÍBR á þessu sviði og að sjálfsögðu styð ég það að það verði gert áfram. Bara smá innlegg í það, að mér sýnist að þetta sé að verða dálítið mikil skipulagsvinna því að sem betur fer hafa félögin tekið frumkvæði víða og eru með afreksskóla og afrekshópa. Sér samböndin eru flest með úrvalshópa og afrekshópa. Framhaldsskólarnir eru komnir með afreksbrautir og að sjálfsögðu styð ég að við séum komin með eitthvað sem heitir *Team Reykjavík* en í mörgum tilvikum er sama fólk í tveimur, þremur eða fjórum af þessum hópum sem er kannski alls ekki slæmt en hér er þó nokkur samræming sem kannski þarf fram að fara. Ég þekki unglinga sem eru á þessu „leveli“ og kannski allt gott um það að segja en þau hafa fengið sömu næringarfræðsluna þrisvar í röð sem er bara kannski allt í lagi en það þarf aðeins að huga að svona sameiningu. Þegar allir skólarnir eru að sækja í að byggja upp og fræða og fengu fína fræðslu, ef ég t.d. tæki dæmi um næringu síðan var viðkomandi hjá sínu sérsambandi og fékk reyndar sama mann í sömu fræðslu og síðan var hann í afreksskólanum í framhaldsskólanum og þar var sóttur sami fyrirlesarinn og hann var ágætur þannig að þetta var allt í gott og blessað. En ég ætla bara að benda örlítið á þessa samræmingu sem þarf að fara fram og er náttúrulega vegna þess að það er kannski ekkert heildar skipulag.

Sveinn var svo fljótur hérna fyrr í dag þegar umræðan var um skýrsluna, sem er ágætt, að ég hnaut aðeins um þarna. Það var eitt í skýrslunni sem ég verð eiginlega að koma inn á, þar stendur að: Í

Reykjavík er einn framhaldsskóli sem rekur samhliða hefðbundnu skólastarfi afreksíþróttabraut sem velur nemendur eftir íþróttalegri getu, Borgarholtsskóli í Grafarvogi sem býður upp á knattspyrnu körfuknattleik og golf sem er flott mál en ég ætla að benda á að það er líka þannig braut uppi í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti þar er það körfubolti, handbolti og knattspyrna. Og ég veit að á báðum þessum stöðum er unnið mjög faglega að þessu en ég þekki þetta betur í Breiðholti þar eru núverandi og fyrrverandi landsliðsþjálfarar í handbolta, körfubolta og fótbolta sem starfa þarna og mjög faglega unnið. Og það eru svona brautir utan höfuðborgarsvæðisins og ég held að það sé allsstaðar, og ég er ekki að tala um það, mjög faglega unnið. Smá innlegg um að þetta starf snýst dálítið um það að líta á, hvar er verið að vinna þetta starf og kannski samræma það dálítið.“

Ekki kvöddu sér fleiri hljóðs um tillöguna og var þingskjali 11 vísað til allsherjarnefndar.

#### **Þingskjal 12**

Framsögumaður, **Örn Andrésson**, varaformaður ÍBR, lagði fram tillögu Framkvæmdastjórnar ÍBR: „Samþykkt um stefnumótunarvinnu“. Örn sagði: „Það var farið í stefnumótunarvinnu rétt fyrir árið 2000 sem var meira unnin af Reykjavíkurborg og var kannski svolítið tekið út frá vinkli borgarinnar en ekki út frá vinkli íþróttahreyfingarinnar og félaganna og bandalagsins. Við erum að leggja til að það verði lagt í þessa vinnu núna og menn skili niðurstöðu eða alla vega kynni stöðu málsins á formannafundi þá seinni hluta árs eða sennilega um svipað leyti að ári. Það liggur ekki fyrir hvernig menn eiga að vinna þetta en væntanlega munu menn fá einhverja aðstoð við þetta, faglega ráðgjöf. Þetta verður að sjálfsgöðu unnið í samvinnu við félögin og þar fram eftir götunum.“

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til allsherjarnefndar.

#### **Þingskjal 14**

Framsögumaður, **Gígja Gunnarsdóttir**, meðstjórnandi ÍBR, lagði fram tillögu framkvæmdastjórnar ÍBR: „Ályktun um framboð á hollum matvörum í íþróttamannvirkjum“. Gígja sagði: „Hér liggur fyrir tillaga um framboð á hollum matvörum í íþróttamannvirkjum. Eins og við vitum þá er holl næring forsenda þess að við höfum orku og löngun til að hreyfa okkur og gera nokkuð og eins til uppbyggingar. ÍTR gerði nýlega úttekt á þessum málum, hvernig staðan væri í íþróttamannvirkjum í Reykjavík. Við getum kannski bara orðað það þannig að það eru mikil sóknarfæri til að gera betur. Lýðheilsustöð hefur gefið út leiðbeiningar um hvernig hægt sé að bæta þarna úr og ég mun leggja þær hérna fram á borð; þið getið skoðað þær á eftir.“

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til allsherjarnefndar.

#### **Þingskjal 15**

Framsögumaður, **Gígja Gunnarsdóttir**, meðstjórnandi ÍBR, lagði fram tillögu framkvæmdastjórnar ÍBR: „Ályktun um skólaíþróttir“. Gígja sagði: „Þessi ályktun snýr bæði að barna- og unglíngastarfi og síðan að afreksstarfi eldri iðkenda. Annarsvegjar snýst þetta um aukna samfellu í starfi íþróttafélaga og skóla og að auðvelda börnum aðgengi að því starfi og auka líkurnar á að fleiri geti tekið þátt í því. En svo, eins og oft hefur verið rætt hérna í okkar hópi: það skiptir máli að auðvelda þeim sem eru komnir lengra á leið að þeir geti stundað íþróttirnar samhliða sínu námi; samræmt þetta tvennt. Þá er ekki síst verið að spá í nemendur í framhaldsskólum.“

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til allsherjarnefndar.

**Sigríður Jónsdóttir, varaþingforseti**, sagði að næst yrði lagt fram þingskjal 17, á undan þingskjali 16, til að spara sporin.

#### **Þingskjal 17**

Framsögumaður, **Gígja Gunnarsdóttir**, lagði fram tillögu Framkvæmdastjórnar ÍBR: „Tillaga um íþróttir barna og unglinga.“ Gígja sagði „Þessi tillaga hnykkir í rauninni bara á því sem fram kemur í stefnu- og starfsáætlun ÍBR fyrir árin 2009 og 2010. Þarna er í rauninni bara verið að lyfta upp mikilvægi þess að við stöndum vörð um barna- og unglingastarfið og höldum áfram að vinna að því að efla það starf. Í raun og veru er verið að tala um að vinna áfram á þeirri góðu braut sem íþróttahreyfingin hér hefur verið að gera og að halda áfram að koma til móts við ólíkar þarfir þessa stóra hóps sem við erum að leitast við að þjónusta.“

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til allsherjarnefndar.

#### **Þingskjal 16**

Framsögumaður, **Þórdís Gísladóttir**, lagði fram tillögu Framkvæmdastjórnar ÍBR: „Áskorun til ÍSÍ um þjálfaramenntun“. Þórdís sagði: „Nú, eins og við vitum, þá eru þessi grunnnámskeið hjá ÍSÍ í mjög góðum farvegi og í einstaka sérsambandi er verið að vinna frábært starf í menntunarmálum þjálfara. Ég get sem dæmi nefnt að hjá KSÍ gera þeir það einkar vel. En það er á ýmsum stöðum sem vantar menntun fyrir þjálfara. Þessi tillaga gengur útá það að hvetja ÍSÍ til að hjálpa minni sérsamböndunum til að halda utan um þessa menntun. Það er okkur náttúrulega mikið mál að bæta íþróttastarf í landinu og að það sé haldið vel á menntunarmálum og þeir sem eru að þjálfa geta fundið sér þarna áframhaldandi menntun. Einnig þeir sem eru að byrja að þjálfa sjái að það sé eitthvað „system“ sem þeir geta farið inn í. Þetta er nú bara svona hvatningartillaga til ÍSÍ.“

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var henni vísað til allsherjarnefndar.

**Sigríður Jónsdóttir, varaþingforseti**, sagði að nú væri búið að bera fram allar fyrirleggjandi tillögur og komið að dagskrárlið átta á þinginu.

### **8. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og næsta árs og skattgreiðslur félaganna.**

#### **Þingskjal 7**

Framsögumaður, **Kristinn Jörundsson**, gjaldkeri ÍBR, lagði fram fjárhagsáætlun. Hann sagði áætlunina hafa verið samda með það að fororði að menn vissu ekki hvað yrði gert við sjóðina. Þá var heldur ekki tekið tillit til, eins og Örn Andrésson benti á áðan, rannsóknarmiðstöðvarinnar, sagði Kristinn. Hann sagði að þess vegna bæri að skoða þessa fjárhagsáætlun með það í huga. Kristinn sagði áætlunina 2009 vera nokkurskonar varnaráætlun eins og ekki væri óeðlilegt í þessu árferði. En síðan væri gert ráð fyrir einhverri 5% aukningu á árinu 2010. Hann sagði ljóst að Reykjavíkurborg muni standa við sína styrki óverðtryggða frá árinu 2008 og hafi síðan lofað að endurskoða það aftur fyrir árið 2010.

Kristinn sagði skattgreiðslur félaganna sem ÍBR hefur innheimt hafa verið 50 krónur á hvern 16 ára og eldri félagsmann og lagt væri til að það héldist óbreytt.

Enginn kvaddi sér hljóðs um fjárhagsáætlun og skattgreiðslur og var fjárhagsáætluninni því vísað til fjárhagsnefndar.

## **9. Kosnar þrjár 5 manna fastar þingnefndir: fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd og kjörnefnd.**

Varþingforseti, **Sigríður Jónsdóttir**, lagði fram eftirfarandi tilnefningar í nefndir:

### **FJÁRHAGSNEFND**

Eiríkur Benónýsson, formaður, Jón Þorbjörnsson, Unnur Einarsdóttir, Kristmundur Bergsveinsson og Hallgrímur Gröndal.

Aðrar tilnefningar komu ekki fram og var nefndin lýst réttkjörin.

### **ALLSHERJARNEFND**

Hrafnkell Sigtryggsson, formaður, Björn Erlingsson, Kristín Ólafsdóttir, Málfríður Sigurhansdóttir og Þóroddur F. Þóroddsson.

Aðrar tilnefningar komu ekki fram og var nefndin lýst réttkjörin.

### **KJÖRNEFND**

Snorri Þorvaldsson, formaður, Birgir Finnbogason, Magnús Ólafsson, Þórir Ingvarsson og Júlíus Arnarsson.

Aðrar tilnefningar komu ekki fram og var nefndin lýst réttkjörin.

Sigríður upplýsti að nefndarfundir færu fram á skrifstofu ÍBR og í fundarsölum ÍSÍ á morgun. Hún sagði alla fundina opna og hvatti þingfulltrúa til að mæta og koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hafa þá áhrif á þau málefni sem þar yrðu rædd. Þá bað hún þingheim vinsamlegast að koma framboðum til stjórnar ÍBR á framfæri við kjörnefnd. Að lokum frestaði Sigríður þingi til laugardagsins 28.febrúar kl.9:00.

## **ÞINGHLÉ**

### **Föstudagurinn 27.febrúar**

Skrifstofa ÍBR og fundarsalir ÍSÍ.

Nefndarfundir í kjörnefnd, laganefnd, fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd.

## Laugardagurinn 28.febrúar

Þingforseti, **Sveinn Jónsson**, bauð þingfulltrúa velkomna til síðari þingdags 44.þings ÍBR. Gengið var strax til dagskrár.

### 10. Álit nefnda, umræða og atkvæðagreiðsla.

#### LAGANEFND

**Gunnar Kristinsson, formaður laganeftndar**, byrjaði á því að þakka öllum nefndarmönnum í laganeftndinni fyrir mjög gott samstarf. Hann tók það fram að nefndin hefði verið sammála um þær breytingar sem lagðar verða fram í dag.

Gunnar byrjaði á að leggja fram þingsjal 18 þar sem gerðar voru örlitlar orðalagsbreytingar frá upphaflegu tillöggunni:

### Samþykkt um breytingu á lögum ÍBR

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, samþykkir að breyta nafni Héraðssamband Íþróttabandalags Reykjavíkur í Íþróttabandalag Reykjavíkur eins og var í lögum bandalagsins fyrir þing bandalagsins 2004. Skulu lagagreinar samræmdar með tilliti til þessarar nafnbreytingar enda ekki um neinar efnisbreytingar á lögnum að ræða.**

Engar umræður voru um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Gunnar lagði því næst fram þingskjal 19.

### Samþykkt um breytingu á lögum ÍBR hvað varðar kosningar til ársþings ÍBR

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum ÍBR sem varða kjör í stjórn bandalagsins:**

Lagt er til að við núverandi texta í 8. grein bætist eftirfarandi texti:

Á þingi skal kjósa 3 manna kjörnefnd og einn til vara, sem starfar til loka næsta þings. Tilkynningar um framboð til formanns og stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur skulu berast kjörnefnd eigi síðar en þremur vikum fyrir þing. Er þá framboðsfrestur útrunninn. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt sambandsaðilum. Hafi, þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða.



Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum.

Lagt er til að við 11. grein laga ÍBR um dagskrá þings ÍBR verði bætt texta um kosningu kjörnefndar:

11. f) Kosin 3 manna kjörnefnd og einn til vara sbr. 8. grein.

Sá dagskrárliður sem áður var merktur 11. F) verður þá 11. G).

Greinargerð:

Þessi tillaga varðandi breytingu á lögum ÍBR er í takt við lög ÍSÍ og fleiri aðila. Það er óþægileg staða fyrir þing að ekki sé ljóst hvort framboð séu til formanns eða stjórnar. Með þessu móti getur kjörnefnd haft mun meiri tíma til þess að bregðast við aðstæðum.

Engar umræður voru um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum .

Gunnar lagði þá fram þingskjal 20 með örlitlum breytingum sem gerðar voru hjá nefndinni:

## **Samþykkt um breytingu á lögum ÍBR hvað varðar boðun þings og sendingar gagna**

44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, samþykkir breytingar á lögum ÍBR sem varða boðun til þings ÍBR og sendingar gagna vegna þingsins.

Lagt er til að texti í 8. grein breytist á eftirfarandi hátt:

Þing ÍBR skal háð annað hvert ár á tímabilinu 1. febrúar til 1. júlí. Til þingsins skal boða með tveggja mánaða fyrirvara þá, sem rétt eiga á þingsetu, sbr. 10. gr. Þá skal og senda bandalagsaðilum upplýsingar um fjölda fulltrúa þeirra á þinginu auk kjörbréfs.

Þau mál, sem aðilar ÍBR óska að verði á dagskrá, skulu berast stjórn íþróttabandalagsins í síðasta lagi fjórum vikum fyrir þingsetningu.

Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 2 vikum fyrir þing.

Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingbyrjun skal aðilum send dagskrá þingsins og ársskýrsla og tillögur sem borist hafa ásamt þeim tillögum sem framkvæmdarstjórn hyggst leggja fyrir þingið.

Eigi síðar en viku fyrir þing skulu aðilum sendir endurskoðaðir ársreikningar.

Þing ÍBR er lögætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

Greinargerð:

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru í samræmi við lög annarra sambanda s.s. ÍSÍ og KSÍ. Núgildandi lög eru í samræmi við þrengsta ramma er lög ÍSÍ segja til um. Það er eðlilegt að hafa meiri fyrirvara á boðun þings en gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Skipulagslega séð er betra að hafa meiri tíma til að undirbúa tillögur og gögn tengd þeim áður en þau eru send til aðila. Félögin hafa með þessari tillögu meiri tíma til að kynna sér málefni er liggja fyrir þingi. Þá er í þessari tillögu gert ráð fyrir að kjörbréf berist mun fyrir sem gerir sérstaklega undirbúning varðandi nefndarstörf á þinginu mun auðveldari.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti, **Sveinn Jónsson**, sagði að vegna samþykktar á tillögu á þingskjali númer 19 þyrfti að kjósa þriggja manna kjörnefnd og einn til vara til að verða uppstillingarnefnd fyrir næsta þing sem haldið verður eftir 2 ár. Tillaga var um eftirtalda: Snorra Þorvaldsson, Birgi Finnbogason, Þóri Ingvarsson og til vara Júlíus Arnarsson. Ekki bárust aðrar uppástungur og því voru þeir rétt kjörnir.

**Gunnar** sagði laganefnd hafa rætt tillögu um nýtt merki ÍBR á þingskjali 21. Þar sem tillagan kallar ekki á neina lagabreytingu leggur nefndin til að hún verði tekin til umræðu á þinginu.

**Arnór Pétursson, ÍFR**, tók til máls og sagði: „Eins og ég lýsti yfir í umræðunum í fyrradag finnst mér þetta merki alls ekki eins fallett og mér finnst ekki nokkur ástæða til að vera að skipta út þessu ágæta merki sem er í dag fyrir þetta merki sem bæði vantar skammstöfunina sem Íþróttabandalag Reykjavíkur er í rauninni þekkt fyrir, ÍBR. Mér finnst engin ástæða og af hverju skyldu menn skipta um maka ef hann hefur reynst vel. Merkið hefur reynst vel og stendur fyrir öllu sínu. Ég vil að þessi tillaga verði felld.“

**Jónas Sigurðsson** bað um orðið og sagði: „Það eru smá skýringar með því af hverju við viljum taka upp nýtt merki og það er búið að velja því fyrir í stjórninni og það hafa komið nokkuð margar tillögur þar inn. Þessi er alveg rosalega flott miðað við margt af því sem við erum búin að sjá. Það eru tvö atriði sem við leggjum áherslu á í okkar starfi og kynningarstarfi. Það hefur komið í ljós að við þekkjum hvað ÍBR stendur fyrir en ÍBR, ÍTR og allar þessar skammstafanir þær eru mjög óljósar og þessi almenni notandi úti í bæ hann gerir sér ekki alveg grein fyrir hvað ÍBR stendur fyrir. Þannig að þess vegna ákváðum við, og það voru svona auglýsinga- og kynningamenn sem tóku það að sér að finna út úr þessu með okkur að sleppa skammstöfuninni. Ekki leggja áherslu á hana heldur á nafnið, Íþróttabandalag Reykjavíkur og þetta er ákveðinn liður í kynningarstarfi okkar. Svo er annað sem er kannski svolítið langsótt finnst sumum, en nú höfum við gert það nokkur undanfarin ár að við höfum farið með hópa unglinga til þátttöku í mótum erlendis. Þar er mikið lagt upp úr setningarathöfnum og þessum athöfnum þar sem hóparnir koma saman. Þar er hópum alltaf raðað í stafrófsröð, þannig að við erum með Ísland og svo Ísrael. Stjarnan okkar, á hvað minnir hún? Við lifum bara í þeim heimi að þó að það séu unglíngamót þá mæta Ísraelsmenn með vopnaða öryggisverði í kringum sinn hóp og það er ekkert rosalega sniðugt að standa við hliðina á þessum hóp með stjórnuna í barmi. Þannig að ég legg til að þetta merki verði samþykkt eins og það er borið fram.“

**Margrét Elfa Hjálmarsdóttir** kvaddi sér hljóðs og sagði: „Komið þið sæl, ég er foreldri barna hjá íþróttafélagi og starfsmaður ÍR. Mér finnst að það ætti hreinlega að vera efnt til samkeppni um þetta mál, leggja til einhver hundruð þúsunda og fá fallett merki. Mér finnst þetta ekki vera fallett merki sem muni standast tímans tönn.“

**Hrafnkell Sigtryggsson** tók til máls um tillöguna og sagði: „Ég hef séð þetta merki áður og horft á ÍBR merkið áður. Meðal annars þá tillögu sem var kynnt á formannafundi fyrir þó nokkru síðan og ég held að við ættum ekkert að eyða meiri tíma eða vinnu í þetta merki sem fram er komið. Það er mjög klassískt. Ég þekki þetta af góðri reynslu, ég hef starfað í auglýsingabransanum í töluvert mörg ár og unnið að markaðsmálum. Það sem kemur fram í þessari tillögu og þessu merki. Það er vísað þarna beint til fánalitanna, það er vísað til minnis Ingólfs í gamla merkinu og mér lýst bara mjög vel á þessa tillögu. Ég legg til að við samþykkjum hana.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs um tillöguna á þingskjali 21. Tillagan var samþykkt með orðalaginu sem hér fer á eftir með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

## **Samþykkt um nýtt merki ÍBR**

### **44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, samþykkir að tekið verði upp nýtt merki fyrir ÍBR.**

Greinargerð:

Hugmyndir um að endurnýja merki ÍBR komu fram snemma á þessari öld. Ákveðnir annmarkar eru við notkun merkisins í sambandi við vefnotkun og prentun þar sem merkið er ekki hannað með nafni bandalagsins og fáir þekkja fyrir hvað það stendur án texta. Merkið hefur einnig stundum valdið misskilningi þegar hópar á vegum ÍBR hafa farið utan til þátttöku í íþróttamótum.

Nýja merkið er byggt á grunni þess gamla þ.e. með Ingólf Arnarsson í forgrunni. Grunnur merkisins er tvískiptur með bláum og rauðum lit en á miðju hans er Ingólfur í hvítum lit.

Gunnar lagði fram þingskjal 22 um brottvikningu félaga úr ÍBR. Hann sagði laganefndina hafa gert eina athugasemd en í greinargerðinni var vísað í 6.grein laga en átti að vera 7.grein. Að öðru leyti lagði laganefndin til að þingskjalið yrði samþykkt með þessu orðalagi.

## Samþykkt um brottvikningu félaga úr ÍBR

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, samþykkir að víkja Knattspyrnufélaginu Núma, Íþróttafélaginu Tunglínu, Knattspyrnufélaginu Deiglunni og Ungmennafélaginu Víkverja úr bandalaginu.**

Greinargerð:

Samkvæmt lögum ÍBR, 7. grein, getur þing ÍBR tekið ákvörðun um að víkja félögum úr bandalaginu geri þau ekki skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum eða hafi ekki haldið aðalfund.

Enginn kvaddi sér hljóðs um þingskjal 22 og tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá lagði Gunnar fram þingskjal 23 sem fjallaði um umsókn um aðild að UMFÍ:

## Samþykkt um umsókn um aðild að UMFÍ

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, samþykkir að endurnýja umsókn sína um aðild að Ungmennafélagi Íslands**

Greinargerð:

Margvísleg starfsemi UMFÍ er í anda hlutverks ÍBR samkvæmt lögum þess og er til þess fallið að efla íþróttahreyfinguna í landinu og stuðla að þátttöku fleiri iðkenda í íþrótt- og æskulýðsstarfsemi.

Enginn kvaddi sér hljóðs um þingskjal 23 og var tillagan samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

**Sveinn Jónsson, þingforseti**, sagði: „ Þá hefur Gunnar Kristinsson og laganefndin lokið störfum og ég vil fyrir hönd þingsins þakka þeim fyrir ötult og gott starf og skilmerkilega framsetningu. Ég ætla að biðja formann kjörbréfanefndar Eirík Þ. Einarsson að koma hér upp og gera grein fyrir nýjum kjörbréfum sem hafa borist.“

**Eiríkur Þ. Einarsson, formaður kjörbréfanefndar**, sagði: „ Borist hefur eitt kjörbréf sem er nýtt og var ekki á föstudaginn. Það er frá Stafninum róðrarfélagi og þar er tilgreindur einn fulltrúi, Guðmundur H. Arngrímsson. Hann er ekki mættur en þrátt fyrir það vil ég leggja til að þetta kjörbréf verði samþykkt. Í framhaldi af því vil ég þakka nefndarmönnum mínum í kjörbréfanefnd fyrir góð störf.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**Sveinn Þingforseti** sagði þá komið að fjárhagsnefnd að gera grein fyrir sínum tillögum og bað formann og framsögumann fjárhagsnefndar Eirík Benónýsson að taka til máls.

**Eiríkur Benónýsson, formaður fjárhagsnefndar**, sagði: „Mig langar að byrja á því að þakka nefndarmönnum fyrir gott starf í þágu þingsins og segja að nefndarmenn voru sammála um þær breytingartillögur sem nefndin er að gera.“

Eiríkur byrjaði á að leggja fram þingskjal 1 sem var áskorun um ferðasjóð ríkisins. Hann sagði tillöguna óbreytta.

## **Áskorun um Ferðasjóð ríkisins**

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, hvetur ríkisvaldið til að standa við fyrri áform um að veita fjármunum í Ferðasjóð ríkisins og að sjóðurinn vaxi eins og áætlað var.**

Greinargerð:

Ferðasjóður ríkisins er mikilvægur fyrir íþróttahreyfinguna í landinu enda dýrt að ferðast landshorna á milli til keppni. Útgjöld vegna þessa rekstrarþáttar í starfsemi íþróttafélaga verða sífellt meiri. Það skiptir miklu máli fyrir íþróttahreyfinguna í landinu að fá styrki til ferðalaga enda þurfa félög að sækja keppni um hinar dreifðu byggðir landsins.

Enginn kvaddi sér hljóðs um þingskjal 1 og var það samþykkt samhljóða.

Því næst lagði Eiríkur fram þingskjal 2 og sagði: „Við gerum breytingartillögu á orðalagi í þessari áskorun og áskorunin hljóðar svona afgreidd frá fjárhagsnefnd:

## **Áskorun um Þjóðarleikvanga**

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, hvetur ríkisvaldið til að taka þátt í frekari uppbyggingu þjóðarleikvanga í Reykjavík.**

Greinargerð:

Ríkið hefur aðeins tekið þátt í uppbyggingu eins þjóðarleikvangs í Reykjavík, Laugardalsvallar. Engu að síður er að finna í Reykjavík flesta þá leikvanga sem litið er á sem þjóðarleikvanga í viðkomandi íþróttagreinum.

Enginn kvaddi sér hljóðs um þingskjal 2 og var það samþykkt samhljóða.

Þá lagði Eiríkur fram þingskjal 3 með breytingu á orðalagi.

## Áskorun um skattaívilnanir fyrir íþróttþjálfara

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, skorar á ríkisvaldið að veita íþróttþjálfurum sem þjálfra börn og unglinga skattaívilnun til samræmis við það sem gerist á öðrum Norðurlöndum.**

Greinargerð:

Í nágrannalöndum okkar tíðkast það að veita skattaafslætti þeim sem þjálfra börn og unglinga. Ljóst er að langflestir þeirra sem eru að þjálfra þessa hópa gera það í aukavinnu sem allajafna er ekki vel launuð. Það gæti verið mjög hvetjandi fyrir þjálfara að þurfa ekki að greiða fullan skatt af þessari „hugsjónavinnu“.

Eiríkur sagði breytingu á orðalagi frá fyrri áskorun vera að í staðinn fyrir að segja *hvetja ríkisvaldið* þá væri verið að *skora* á það. Síðan sagði hann verið að fella niður orðalag sem er að skoða gaumgæfulega í fyrri yfirlýsingu eða áskorun og kveða fastar á orði með að nota einnig orðið skatta ívilnun og að þetta sé í samræmi við það sem gerist á öðrum Norðurlöndum.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Eiríkur sagði fjárhagsnefnd leggja þingskjal 5 um stuðning Reykjavíkurborgar við íþróttastarf fram óbreytt.

## Ályktun um stuðning Reykjavíkurborgar við íþróttastarf

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, hvetur Reykjavíkurborg til að standa áfram vörð um íþróttastarf fyrir börn og unglinga í borginni og tryggja þannig að reykvísk ungmenni fái áfram notið þess öfluga íþróttá- og forvarnarstarfs sem íþróttahreyfingin býður upp á.**

Greinargerð:

Íþróttahreyfingin í Reykjavík treystir því að Reykjavíkurborg láti ekki frekari niðurskurð sem borgin kann að þurfa að gera á fjárhagsáætlun sinni koma eins lítið við fjárveitingar til íþróttá- og æskulýðsstarfs eins og frekast er kostur. Án fjárframlaga frá Reykjavíkurborg munu íþróttafélögin ekki hafa nokkra möguleika til að sinna því mikilvæga uppeldis- og forvarnarstarfi sem hún hefur sinnt.

Það er ákaflega mikilvægt að efnahagsástandið hafi sem minnst áhrif á daglegt líf barna og þannig sé fjölskyldunum gert auðveldara að takast á við þann vanda sem blasir við.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Því næst lagði Eiríkur fram þingskjal 6 um framkvæmdir við íþróttamannvirki í Reykjavík. Hann sagði að örlitlar breytingar hefðu verið gerðar á orðalagi tillögunnar í afgreiðslu fjárhagsnefndar og að hún hljómaði svo:

## **Ályktun til Reykjavíkurborgar um framkvæmdir við íþróttamannvirki í Reykjavík**

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, hvetur borgaryfirvöld til að sjá til þess að þær framkvæmdir sem þegar eru hafnar verði kláraðar og að aukið fjármagn verði sett í viðhald þeirra mannvirkja sem til staðar eru.“**

Eiríkur sagði breytinguna frá fyrri ályktun vera að tekið væri út *að vinna að því* og reynt að kveða fastar að orði með að ljúka þessum framkvæmdum á þessu ári.

**Arnór Pétursson** kvaddi sér hljóðs og sagði: „Mig langar að ítreka það sem ég sagði á fundinum hérna í fyrradag. Orðinu „*aukið*“ er ofaukið vegna þess að í ár er ekki sett króna í viðhaldsframkvæmdir. Ég vil vísa því til framkvæmdastjórnar ÍBR að fylgja þessu máli eftir og koma með fjármagn inn í viðhaldsframkvæmdir.“

**Sveinn Jónsson**, þingforseti, tilkynnti að ekki væri hægt að taka tillögur fyrir nema þær séu skriflegar.

**Þóroddur Þóroddsson**, Skíðagöngufélaginu Ulli, kvaddi sér hljóðs og vildi koma með ábendingu um orðalag. Honum fannst vanta eitthvað á eftir orðinu að í setningunni „hvetur borgaryfirvöld að...“ og vildi heldur hafa orðalagið „hvetur borgaryfirvöld til að sjá til þess...“ o.s.frv.

Hinkrað var augnablik eftir skriflegri breytingartillögu frá Arnóri Péturssyni.

**Arnór Pétursson** lagði fram svohljóðandi tillögu.

## **Ályktun um framkvæmdir við íþróttamannvirki í Reykjavík**

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, hvetur borgaryfirvöld til að sjá til þess að þær framkvæmdir sem þegar eru hafnar verði kláraðar. Þingið vísar því til framkvæmdarstjórnar ÍBR að hefja viðræður við Reykjavíkurborg um að veita fé í viðhaldsframkvæmdir.**

Greinargerð:

Í yfirlýsingum forráðamanna Reykjavíkurborgar hefur komið fram að í ljósi ástands í atvinnumálum, geti komið til greina að borgin legði áherslu á að á þessu ári yrði lögð meiri áhersla á viðhald og endurbætur mannvirkja frekar en nýframkvæmdir.

**Sigríður Jónsdóttir**, varaþingforseti, baðst velvirðingar á seinkunni en sagði að nauðsynlegt hefði verið að fara vel yfir þessa breytingartillögu. Sigríður sagði það mat þingforseta að þessi breytingartillaga gengi lengra en tillaga fjárhagsnefndar og því beri að bera hana fyrst upp til atkvæða. Sigríður taldi öruggast að lesa breytingartillöguna upp tvisvar og gerði það.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

**Eiríkur Benónýsson**, formaður fjárhagsnefndar, lagði því næst fram þingskjal 7 sem voru fjárhagsáætlunir. Eiríkur sagði: Nefndin gerir ekki tillögur um breytingar á fjárhagsáætlun húsnæðis- og framkvæmdasjóðs ÍBR en hins vegar eru gerðar tillögur að breytingum á fjárhagsáætlun ÍBR. Tillaga að því að verkefnastyrkir aukist og það er gert með því að færa til liðinn, *Framlag í slyasjóð* sem að var ein milljón króna fyrir hvort ár. Setja það þá yfir í verkefnastyrkina. Síðan er lagt til að hagnaður ársins verði einnig færður yfir í verkefnastyrkina þannig að rekstrarafgangur beggja ára verði enginn.“

**Kristinn Jörundsson** kvaddi sér hljóðs um þingskjal 7 og sagði: „Í gömlu áætluninni voru verkefnastyrkirnir tíu milljónir, framlag í slyasjóð var milljón sem var flutt upp og rekstrarhagnaður 3,2 milljónir og ef það bætist ofaná verkefnastyrkinn þá fæ ég út úr því 14,2 en ekki 11,7 eins og fram kemur í breytingartillögunni.

**Eiríkur Benónýsson** sagði: „Það virðist vera einhver villa í framsetningu en fyrir áætlunina 2010 þá eiga verkefnastyrkirnir að vera 14,2 milljónir króna en ekki 11,7 eins og kemur þarna fram í skjalinu. Í megin atriðum er verið að færa til á milli liða en ekki auka útgjöld ÍBR.“

Þingskjalið var samþykkt með ofangreindum breytingum.

## Fjárhagsáætlun

### Ípróttabandalag Reykjavíkur

	Fjárhagsáætlun							
	Áætlun	Reikn.	Áætlun	Reikn.	Áætlun	Reikn.	Áætlun	Áætlun
	2006	2006	2007	2007	2008	2008	2009	2010
<b>Tekjur: (í þús.kr.)</b>								
Framlag Borgarsjóðs	861000	813977	1024000	851035	910000	1043960	1050000	1100000
Útbreiðslustyrkur ÍSí	4000	4128	4000	4573	4000	4673	4200	4200
Lottótekjur	34000	32939	34000	38593	36000	38074	35000	35000
Skattar félaganna	1500	1967	1500	2078	2000	2219	2400	2500
Útleiga skólasala	22500	23871	22500	27164	26000	29585	27000	27000



Íslenskar getraunir	6500	5840	6500	5882	5500	7406	6000	6000
Þjónustugjöld	2500	2400	2500	2550	3000	2700	3000	3000
Framlag v/Íþróttaskóla	22000	21342	22000	22311	22000	22981	23000	24000
Vaxtatekjur	2500	5910	2500	7957	7500	6759	3500	3500
Aðrar tekjur	3000	3590	3000	2367	2000	2906	2500	2500
Rekstrartap		20		440		1281		
<b>Tekjur alls:</b>	<b>959500</b>	<b>915984</b>	<b>1122500</b>	<b>964950</b>	<b>1018000</b>	<b>1162544</b>	<b>1156600</b>	<b>1207700</b>

### Gjöld: (í þús.kr.)

Styrkir og framlög	885000	844319	1047000	887383	932000	1072830	1071000	1121000
Laun og launat.gjöld	24500	25651	25200	27130	31100	35076	37000	39000
Skrifstofukostnaður	1500	754	1600	2988	2000	2999	3000	3000
Fundir og ráðstefnur	1800	1458	800	823	850	951	1200	900
Aksturskostnaður	2000	1897	2000	2238	2200	2816	2500	2500
Gjafir og risna					2000	1000	1000	1000
Útbreiðslustarf	3000	2852	3000	2538	3000	1116	2000	2000
Íþróttaskóli félaga	22000	20781	22000	21965	22000	22614	23000	24000
Afrekssjóður ÍBR/ÍTR	5000	5354	5000	6543	9000	8922		
Afrekssj. ÍBR/Spron	2000		2000					
Verkefnastyrkir	5500	6273	5500	6272	7000	10048	13300	11700
Framlag í slyasjóð	1500	1500	1500	1500	1500	1000	0	0
Vextir og fjmsk.	500	829	500	1070	1000	981	400	400
Afskriftir	2000	1989	2500	2090	2200	2191	2200	2200
Niðurfærsla viðskiptakrafna		2327		410				
Alþjóðaleikar	1000		1000	2000				
Ýmis kostnaður	1000		1000		1000			
Reksturshagnaður	1200		1900		1150		0	0
<b>Gjöld alls:</b>	<b>959500</b>	<b>915984</b>	<b>1122500</b>	<b>964950</b>	<b>1018000</b>	<b>1162544</b>	<b>1156600</b>	<b>1207700</b>

## Húsnæðis og framkvæmdasjóður ÍBR

### Fjárhagsáætlun

	Áætlun	Reikn.	Áætlun	Reikn.	Áætlun	Reikn.	Áætlun	Áætlun
	2006	2006	2007	2007	2008	2008	2009	2010
<b>Tekjur: (í þús.kr.)</b>								
Leigutekjur	4100	4343	4300	5039	5300	5604	5600	5800
Vextir og verðbætur	3900	5601	4000	5375	5300	12080	4500	4700
Rekstrartap				1789				
<b>Tekjur alls:</b>	<b>8000</b>	<b>9944</b>	<b>8300</b>	<b>12203</b>	<b>10600</b>	<b>17684</b>	<b>10100</b>	<b>10500</b>
<b>Gjöld: (í þús.kr.)</b>								
Viðhald fasteignar	2500	2361	2500	5316	2500	1816	4000	4000
Fasteignagjöld	400	353	420	374	440	103	500	500
Garðvinna og ræsting	1000	1091	1000	977	1000	990	1000	1000
Rafmagn og hiti	500	391	520	418	520	452	500	520
Tryggingar	650	704	650	680	700	635	700	700
Skrifstofukostnaður	600	600	600	600	800	900	900	900
Verkefnastyrkir								
Styrktarsj. ÍBR/SPRON	1960	2812	2210	3301	3500	3362	2000	2000
Fjármagnstekjusk.	390	559	400	537	530	1208	450	470
Rekstrarhagnaður		1073			610	8218	50	410
<b>Gjöld alls:</b>	<b>8000</b>	<b>9944</b>	<b>8300</b>	<b>12203</b>	<b>10600</b>	<b>17684</b>	<b>10100</b>	<b>10500</b>

**Sigríður Jónsdóttir**, varaþingforseti, sagði að gert yrði 10-15 mínútna kaffihlé.

**Sveinn Jónsson**, þingforseti, sagði fjárhagsnefnd hafa lokið því að leggja fram tillögur sem hún fékk til afgreiðslu og þakkaði þeim fyrir vel unnin störf. Hann bað því næst formann allsherjarnefndar, Hrafnkel Sigtryggsson, að taka til máls.

**Hrafnkell** byrjaði á að leggja fram þingskjal 8 sem var ályktun um betri samgöngur fyrir börn að íþróttaaðstöðu. Hann sagði nefndina ekki gera breytingu á þessari tillögu og hún væri því lögð fram óbreytt.

## **Ályktun um betri samgöngur fyrir börn að íþróttaaðstöðu**

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, hvetur Reykjavíkurborg til að tryggja betur góðar samgöngur fyrir börn að íþróttaaðstöðu, gangandi, hjólandi eða með fólksflutningabílum.**

Greinargerð:

Kannanir sýna að þátttaka barna í íþróttum fer mjög eftir hversu langt þau búa frá æfingaaðstöðunni. Einnig er ljóst að miklar umferðargötur sem skera sundur hverfi íþróttafélaga hafa áhrif á þátttökuna. Almenningsamgöngur eru almennt ekki sniðnar að þörfum barna sem þurfa að komast frá skóla að íþróttaaðstöðu um miðjan daginn og reyndar hefur nú verið dregið verulega úr akstri strætisvagna á þeim tíma dags. Þau félög sem hafa reynt að bjóða upp á rútuferðir frá skólum að íþróttaaðstöðu hafa orðið vör við talsverða aukningu í þátttöku.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

**Hrafnkell** lagði því næst fram tillögu á þingskjali 9 sem var ályktun um betra aðgengi fyrir alla í Laugardalnum. Hann sagði að allsherjarefnd gerði enga breytingu á þessari tillögu.

## **Ályktun um betra aðgengi fyrir alla í Laugardalnum**

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, hvetur Reykjavíkurborg til að ljúka frágangi, húsnæðis, gangbrauta og annarrar aðstöðu milli mannvirkja í Laugardalnum, þannig að allt svæðið verði auðvelt yfirferðar og að öryggi vegfarenda sé tryggt.**

Greinargerð:

Laugardalurinn er frábært íþróttasvæði á heimsmælikvarða. Mikil breyting hefur orðið á stöðu mála m.t til aðgengis með nýjum íþróttamannvirkjum í Laugardal og vonast er til þess að öll mannvirki verði aðgengileg þar í næstu framtíð. Mikilvægt er að útvistarsvæði,

göngustígar og gangstéttar milli mannvirkja sé aðgengilegt öllum þannig að ekki þurfi aðstoð við að komast á milli staða.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Um þingskjal 10 sagði Hrafnkell: „ Næsta tillaga er samkvæmt þingskjali númer 10. Þarna komu tvær tillögur fram annarsvegar þingskjal 10a og síðan þingskjal 10b. Í þeirri breytingartillögu sem nefndin leggur fram sameinum við þessar tillögur. Í þeim umræðum sem við fórum í þá tókum við þann pólinn að okkur fyndist við vera búin að vinna góða undirbúningsvinnu. Við sáum á skýrslunni og þekkjum það af eigin raun að það er engin svona rannsóknarmiðstöð til á Reykjavíkursvæðinu. Og félög og þjálfarar sem vilja þangað leita sér þessarar þjónustu þurfa þá að leita annað sem er eiginlega fyrir neðan allar hellur. Við vildum hreinlega taka af allan vafa, gerðum breytingartillögu og tillagan hljóðar þá svona.

## Samþykkt um Rannsóknarmiðstöð

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, samþykkir að ÍBR hafi frumkvæði að stofnun rannsóknarmiðstöðvar fyrir íþróttir í samstarfi við ÍSÍ, sérsambönd, háskóla og aðra hagsmunaaðila. Rannsóknarmiðstöðin verði staðsett í Laugardal. Þingið hvetur Reykjavíkurborg til að styðja myndarlega við þetta verkefni. Stefnt skal að því að rannsóknarmiðstöðin taki til starfa eigi síðar en árið 2010.**

Greinargerð:

Stjórn ÍBR hefur í samstarfi við ÍSÍ og fleiri unnið að undirbúningi þess að koma á fót s.k. Rannsóknarmiðstöð fyrir íþróttir. Með hugtakinu rannsóknarmiðstöð er átt við aðstöðu fyrir íþróttafólk, sérstaklega þó afreksfólk í íþróttum, þar sem hægt er að fá mikla þjónustu á sviði rannsókna, mælinga og ráðgjafar á sviði íþróttufræðinnar en einnig fyrirbyggjandi aðgerðir og endurhæfingu vegna íþróttameiðsla, unna af fagmenntuðu fólki, helst þeim sem fremstir eru á þessu sviði í landinu.

Svona miðstöðvar eða álíka fyrirbæri er að finna í öllum þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við og hafa jafnvel verið lengi. Hjá þeim þjóðum sem hafa komið slíkum stöðvum á fót finna menn fyrir miklum jákvæðum áhrifum á árangur íþróttamannanna sem og á hið akademíska umhverfi sem í mörgum tilfellum nýtur góðs af.

Aðstaða af þessu tagi, sameinuð á einum stað er ekki til á Íslandi en einhver þeirra tækja sem þyrftu að vera til í svona stöð eru til. Að hafa á einum stað öll helstu mælingatæki fyrir íþróttafólk myndi gjörbreyta hinni faglegu umgjörð þjálfunar í afreksíþróttum á Íslandi auk þess sem slík miðstöð gæti hæglega þjónað vaxandi hópi fólks sem stundar íþróttir sér til heilsubótar og vill fá traustar upplýsingar um árangur sinnar þjálfunar. Slík miðstöð myndi

ennfremur skapa fjölmörg tækifæri fyrir hið akademíska umhverfi að gera ítarlegri rannsóknir af ýmsu tagi en nú er hægt. Þá er ekki ólíklegt að stöð sem þessi myndi laða að toppíþróttafólk víðsvegar að úr heiminum þar sem hér væru þá allar forsendur til að hafa virkara eftirlit með þjálfun þeirra og framgangi.

Við undirbúning þessa verkefnis hefur verið unnið náið með ÍSí. Þá hefur verið haft samráð við sérfræðinga á sviði íþróttafraeði, lífeðlisfræði, sjúkrþjálfunar og læknisfræði. Rætt hefur verið við háskólastofnanir um samstarf og fundað með opinberum aðilum um fjárhagslegan stuðning. Þá hefur verið fundað með fulltrúum sérsambanda og er hugmyndin að stofnað verði félag á vegum íþróttahreyfingarinnar sem standi að þessu verkefni. Fyrir liggur skýrsla um verkefnið, unnin að frumkvæði ÍBR og kynnt í október 2007. Gert er ráð fyrir að ÍBR setji fé í stofnkostnað við þetta verkefni.

Lagt er til að þing ÍBR samþykki að ÍBR hafi frumkvæði að stofnun rannsóknarmiðstöðvar fyrir íþróttir í samstarfi við ÍSí, sérsambönd háskóla og aðra hagsmunaaðila. Rannsóknarmiðstöðin verði staðsett í Laugardal. Þingið hvetur Reykjavíkurborg til að styðja myndarlega við þetta verkefni. Stefnt skal að því að rannsóknarmiðstöðin taki til starfa eigi síðar en árið 2010.“

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

**Hrafnkell** sagði nefndina hafa gert lítilsháttar breytingu á þingskjal 11 sem er tillaga um stuðning við afreksíþróttafólk. Hann sagði breytinguna ekki síst komna til að skýra þann punkt að nefndin vildi að þetta yrði unnið í samvinnu við íþróttafélögin og að þetta væri í raun stuðningur. Stuðningur við íþróttafélög og í samráði við þau og þjálfara þeirra. Þannig væri það skýrt að ÍBR væri ekki að fara að taka þennan þátt yfir eða taka völdin af þjálfurum eða félögum.

## **Samþykkt um stuðning við afreksíþróttafólk**

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, samþykkir að ÍBR haldi áfram í samvinnu við íþróttafélögin að skapa umgjörð utan um hóp fremsta afreksfólks í Reykjavík.**

Greinargerð:

Stjórn ÍBR hefur unnið að undirbúningi verkefnis sem fengið hefur vinnuheimilið „Team Reykjavík“. Hugmyndin er að velja besta afreksfólk úr ýmsum greinum, hópíþróttum og einstaklingsíþróttum, í sérstakan hóp.

Lögð verður áhersla á stuðning við íþróttafólkið í formi þjálfunar, fræðslu, aðstöðu og þjónustu s.s. varðandi sálfræði, endurhæfingu, mælingar o.fl. til þess að bæta árangur enn frekar.

Lagt er til að séríslenskt nafn verði notað á hópinn.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Hrafnkell lagði þá fram þingskjal 12 sem gerð var lítil orðalagsbreyting á.

## **Samþykkt um stefnumótunarvinnu**

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, samþykkir að ÍBR setji í gang stefnumótunarvinnu og móti framtíðarsýn til næstu 10 ára fyrir íþróttahreyfinguna í Reykjavík.**

Greinargerð:

Stjórn ÍBR leggur til að farið verði í allsherjar stefnumótun fyrir íþróttahreyfinguna í Reykjavík til ársins 2020 og verði hún lögð fram til kynningar á formannafundi árið 2010.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Því næst lagði Hrafnkell fram þingskjal 13 og sagði að nefndin hefði ekki gert neinar tillögur um breytingar.

## **Stefna og starfsáætlun stjórnar ÍBR fyrir starfsárin 2009 og 2010.**

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, samþykkir eftirfarandi stefnu og starfsáætlun framkvæmdastjórnar ÍBR fyrir starfsárin 2009 og 2010:**

Stefnt er að því að ÍBR leitist áfram við að vera félögunum til stuðnings í þeim málum sem helst er þörf. Þá er jafnframt mikilvægt að vinna áfram að því að fá frekari styrki frá borginni til að gera félögunum auðveldara að reka starfsemi sína. Þessu til stuðnings verði eins og undanfarin ár gerðar ýmsar kannanir sem styðja við þessa vinnu s.s. á íþróttaiðkun, styrkjum til íþróttastarfs, kostnaði við rekstur starfsins, æfingagjöldum o.fl.

Stefnt er að því að ÍBR vinni áfram að því að koma á fót átaksverkefnum vegna ýmissa útbreiðsluverkefna fyrir íþróttir almennt sem og sérgreinar. Vert er að minna félögin á Verkefnasjóð ÍBR og möguleika þeirra til að fá styrki þar til útbreiðsluverkefna. Stefnt er að því að halda áfram vinnu að eflingu sjóðsins. Þá er stefnt að því að auka enn frekar fræðslu til þeirra sem starfa í íþróttafélögunum með námskeiðahaldi og fyrirlestur. Stjórn ÍBR hyggst í samráði við félögin vinna að

stefnumótun um íþróttir barna og unglunga til þess að efla enn frekar þá umgjörð sem er um þennan mikilvæga þátt í íþróttastarfinu.

Á starfstímabilinu verður unnið að frekari útfærslu á stefnu ÍBR um afreksíþróttir s.s. að auðvelda ungu afreksfólki að stunda nám samhliða æfingum og keppni, skapa aðstöðu til mælinga og eftirlits með afreksfólki og að skapa umgjörð fyrir fremstu íþróttamenn borgarinnar til að bæta árangur sinn enn frekar. Áfram verður unnið að þátttöku reykvískra unglunga í Alþjóðaleikum ungmenna og Norðurlandamóti skóla og stuðningi við þá íþróttamenn sem eiga góða möguleika á að keppa á Ólympíuleikum.

Stefnt er að því að ÍBR sinni áfram almenningsíþróttum borgaranna með útleigu íþróttatíma í skólahúsum og með þátttöku í ýmsum verkefnum sem ætlað er að efla þátttöku almennings í íþróttum. ÍBR mun sjá um framkvæmd Reykjavíkumaraþons og koma að framkvæmd Reykjavík International Games með íþróttafélagunum.

Stefnt er að því að marka stefnu í umhverfismálum íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík. Þar komi fram hvernig íþróttafélögin vilja hirða um sitt nánasta umhverfi, halda því hreinu, viðhalda mannvirkjum og koma í veg fyrir mengun.

Stefnt er að því að efla jákvæða ímynd íþróttafélaga sem öflugs forvarnaraðila með sínu vel skipulagða íþrótt-, félags- og æskulýðsstarfi. Þá er einnig rétt að varpa ljósi á hve mikið sjálfbodað starf er unnið í röðum íþróttafélaga og að félögin geri könnun á því í samstarfi við ÍBR. Stefnt er að því að sem flest íþróttafélög í Reykjavík verði fyrirmyndarfélög ÍSÍ.

Stefnt er að því að efla jákvæða ímynd ÍBR sem hagsmunasamtaka íþróttafélaganna í Reykjavík og fagaðila í íþróttamálum almennt. Mikilvægt er að koma á framfæri við borgaryfirvöld að ÍBR sé aðili sem hægt er að treysta til að vera ráðgefandi aðili um íþróttamál í borginni á faglegan og skynsamlegan hátt. Jafnframt er mikilvægt að á hverjum tíma sé haldið virku sambandi milli félaganna og stjórnar og starfsfólks ÍBR þannig að starf bandalagsins endurspegli á hverjum tíma helstu þarfir félaganna og óskir um aðkomu ÍBR að tilteknum málum.

ÍBR hefur unnið að stefnumótun og framtíðarsýn fyrir íþróttastarf í Reykjavík í samstarfi við aðildarfélögin og ÍTR. Afrakstur þess er m.a. stefna í íþróttamálum til ársins 2010 sem fyrst kom út árið

## **2000 og var síðan endurskoðuð árið 2004. Unnið verður að nýrri stefnumótun fyrir íþróttahreyfinguna í Reykjavík á starfstímabilinu.**

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

**Hrafnkell** sagði allsherjarnefnd einnig leggja þingskjal 14 um framboð á hollum matvörum í íþróttamannvirkjum fram óbreytt.

### **Ályktun um framboð á hollum matvörum í íþróttamannvirkjum**

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, fagnar fram komnum leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar um framboð á hollum matvörum í íþróttamannvirkjum og hvetur bandalagsaðila til að vinna eftir þeim.**

Greinargerð:

Vitað er að holl næring skiptir miklu máli fyrir vellíðan og árangur barna og ungmenna í leik og starfi. Komið hefur fram í rannsóknum að íslensk börn og ungmenni borða lítið af ávöxtum og grænmeti, drekka of mikið af sykrudum gos- og svaladrykkjum og borða of mikið af sykrudum matvörum. Slíkar sykraðar vörur koma þá oft í staðinn fyrir hollari vörur, t.d. grænmeti, ávexti og gróft brauð. Verði sykur of fyrirferðamikill í fæði barna getur það leitt til þess að þau fá ekki mikilvæg næringarefni úr fæðunni.

Framboð og framsetning á mat og drykk getur haft úrslitaáhrif á hvaða matvara verður fyrir valinu hverju sinni. Til þess að bæta mataræði barna og ungmenna er því nauðsynlegt að margir taki höndum saman og hafa rekstraraðilar íþróttamannvirkja, forsvarsmenn, starfsmenn og þjálfarar íþróttafélaga þar mikilvægu hlutverki að gegna. Þeir geta haft áhrif til hins betra með því að setja heilðræna næringarstefnu og aðgerðaráætlun með tilliti til eftirfarandi:

- huga vel að því hvaða matur er í boði í sjoppum, veitingastöðum og sjálfsölum í íþróttamannvirkjum og hvort eigi að bjóða þar til sölu sælgæti, gos og snakk.
- koma með leiðbeiningar um æskilegt mataræði á keppnisferðalögum
- bjóða upp á fræðslu um hollt mataræði.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var þingskjalið samþykkt samhljóða.



Því næst lagði Hrafnkell fram þingskjal 15 sem var ályktun um skólaíþróttir og sagði engar breytingar hafa verið gerðar á tillögunni.

## Ályktun um skólaíþróttir

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, hvetur til aukins samstarfs íþróttafélaga og skóla.**

Greinargerð:

Aukið samstarf íþróttafélaga við skóla, bæði grunnskóla og framhaldsskóla skiptir miklu máli. Mikilvægt er að auka hreyfingu barna og unglinga og það liggur fyrir að íþróttir geta gegnt þar lykilhlutverki. Einnig er eðlilegt að gera þeim sem vilja leggja meira á sig til að ná meiri árangri í íþróttum möguleika á því að æfa meira án þess að það komi niður á námi. Kannanir sýna að afreksfólk í íþróttum stendur sig vel í námi.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var þingskjalið samþykkt samhljóða.

**Hrafnkell** lagði fram áskorun til ÍSÍ um námskeiðahald á þingskjali 16 og sagði engar breytingar frá nefndinni á þessari tillögu.

## Áskorun til ÍSÍ um námskeiðahald

**44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, hvetur ÍSÍ til að efla enn frekar námskeiðahald sérsambanda fyrir þjálfara og dómara.**

Greinargerð:

Það er gríðarlega mikilvægt fyrir íþróttþjálfara og dómara að hafa möguleika á að ná sér í menntun við hæfi, í hvaða íþróttagrein sem þeir starfa. Slíkt hvetur til faglegri og betri vinnubragða og er íþróttahreyfingunni í heild sinni til framdráttar.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var þingskjalið samþykkt samhljóða.

Að lokum lagði Hrafnkell fram samþykkt um íþróttir barna og unglinga á þingskjali 17 sem var óbreytt frá því það var lagt fyrir á laugardeginum.

## Samþykkt um íþróttir barna og unglunga

44. þing ÍBR, haldið 26.-28. febrúar 2009, samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍBR að fara í vinnu með aðildarfélögunum að stefnumótun varðandi íþróttir barna og unglunga hjá íþróttahreyfingunni í Reykjavík.

Greinargerð:

Með aukinni þátttöku barna og unglunga í íþróttum er nauðsynlegt að koma til móts við fjölbreytilegar óskir einstaklinga um umhverfi sem tekur tillit til þess að hver og einn hefur sínar væntingar og þarfir. Vissulega er ekki hægt að verða við öllum óskum en það hlýtur að vera hægt að skapa þannig umgjörð um starfið að sem flestir finni sig í þeirri grein sem þeir vilja helst taka þátt í. Það gerir það að verkum að brottfall minnkar og fleiri skila sér upp úr unglingastarfinu til afreka á ýmsum sviðum, hvort sem það er á leikvöllinum eða utan hans.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var þingskjalið samþykkt samhljóða.

**Sveinn Jónsson**, þingforseti, tilkynnti að þar með hefði allsherjarnefnd kynnt niðurstöðu nefndarinnar og búið væri að afgreiða allar þær tillögur sem fyrir nefndinni lágu. Hann sagði að þá væri einnig búið að afgreiða allar tillögur sem fyrir þinginu lágu.

### 11. Kosningar

**Sveinn Jónsson** bað formann kjörnefndar **Snorra Þorvaldsson** að taka til máls.

Snorri Þorvaldsson sagði: „Kjörnefnd kom saman til fundar í gær og þá vorum við fimm í nefndinni. Það lá bara fyrir hjá okkur að koma með tillögu til stjórnar og það lá fyrir að Reynir Ragnarsson gæfi ekki kost á sér og enn fremur Jón Pétur Jónsson, Kristinn Jörundsson og Jóhannes Óli Garðarsson. Við erum með tillögu að formanni sem er Ingvar Sverrisson.“

Ekki voru fleiri tillögur og var **Ingvar Sverrisson** réttkjörinn formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Kjörnefnd gerði tillögu um að eftirtaldir aðilar yrðu kjörnir til áframhaldandi stjórnarsetu: Örn Andrésen, Jónas Sigurðsson og Lilja Sigurðardóttir. Ekki bárust fleiri uppástungur og voru þau því réttkjörin.

Þá lagði Snorri Þorvaldsson fram tillögu um eftirtalda stjórnarmenn til tveggja ára: Viggó Haraldur Viggósson, Gígja Gunnarsdóttir og Þórdís Gísladóttir. Ekki bárust fleiri uppástungur og voru þau því réttkjörin í stjórn til tveggja ára.

Næst var stungið uppá að eftirtaldir sitji í varastjórn til tveggja ára: Guðrún Ósk Kjartansdóttir og Haraldur Baldursson. Ekki bárust fleiri tillögur og voru þau því réttkjörin í varastjórn til tveggja ára.

Stungið var uppá að Guðmundur Frímannsson og Sigurður Hall yrðu kosnir skoðunarmenn. Ekki bárust fleiri uppástungur og voru þeir því réttkjörnir skoðunarmenn.

Tillaga var um skoðunarmenn til vara: Arnór Eggertsson og Kristján Örn Ingibergsson. Voru þeir réttkjörnir varaskoðunarmenn því ekki bárust fleiri tillögur.

## **12. Lýst tilnefningu bandalagsfélaga á fulltrúum til íþróttapings og kosnir viðbótarfulltrúar samkvæmt 13.gr.**

Þingforseti sagði: „Þá er komið að 12. lið á dagskrá sem er: Lýst tilnefningu bandalagsfélaga á fulltrúum til íþróttapings og kosnir viðbótarfulltrúar samkvæmt 13. grein. Þið eruð með hjá ykkur langan lista sem er tillaga að fjölda á þingið síðan mun stjórnin kalla eftir tilnefningum fulltrúa frá félagunum.“

Allir voru sammála um þá skiptingu sem lá fyrir og var hún samþykkt samhljóða.

## **13. Önnur mál**

**Örn Andrésson:** „Ég vil fá að nota tækifærið og óska nýjum kjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjör og vera velkomnir í stjórnina og þakka þeim sem frá voru að hverfa fyrir samstarfið á liðnum árum. Sérstaklega vil ég fá að þakka Reyni Ragnarssyni fyrir samstarfið í rúm 20 ár. Þó að ég vonaði að það hefði mátt draga samstarf okkar lengur. En Reynir Ragnarsson var ungur að ári þegar hann hóf skíðaiðkunina í skíðadeild ÍR og að vinna við byggingu nýs skíðaskála félagsins í Hamragili. Síðan tóku við stjórnarstörf í skíðadeild- og aðalstjórn ÍR. Árið 1988 var Reynir kosinn í framkvæmdastjórn ÍBR og við brotthvarf Ara Guðmundssonar árið 1994 var hann kosinn formaður bandalagsins. Því embætti hefur hann nú gengt í 15 ár og á þeim tíma hefur allt starf bandalagsins breyst mikið. Samskipti við borg og efling á fjárframlögum sem hafa runnið til félaganna frá borginni hefur náttúrulega margfaldast á þessum tíma fyrir utan að þau verkefni sem bandalagið hefur tekist á hendur eins og Reykjavíkumaraþon og Alþjóðaleikar ungmenna og fleira. Reynir hefur verið fulltrúi bandalagsins í stjórn Íslenskrar getspár, stjórn Laugardalsvallar, byggingarnefnd og rekstrarnefnd skautahallar, í nefndum á vegum íþróttapings og ÍSí. Stjórn bandalagsins er þess fullviss að hún geti í framtíðinni leitað til hans og hans reynslubanka. Vonandi erum við ekki búin að týna honum alveg úr íþróttamálunum í landinu, hann fær kannski einhverja hvíld en ég veit ekki hversu langa. Á þessum tímamótum vill stjórn bandalagsins þakka Reyni fyrir óeigingjarnt starf í þágu íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík með því að sæma hann gullstjörnu ÍBR. Ég tek fram að þetta er gullstjarna númer 24 og var síðasta stjarna afhent fyrir 10 árum og fékk þingforsetinn hana þá. Ég veit svo sem ekki hvort hún verði sú síðasta fyrst það er verið að breyta merki bandalagsins en ég ætla að biðja Reyni að koma hingað upp.“

**Reynir Ragnarsson:** „Ég vil byrja á að þakka kærlega fyrir mig, ég er alveg orðlaus. En fyrst ég er kominn hingað upp þá vil ég fá að biðja um orðið varðandi önnur mál. Mig langar að óska nýkjörnum formanni til hamingju og þakka þeim sem eru búnir að starfa með mér í þessari stjórn eða síðustu stjórn og síðustu stjórnnum margir hverjir og sérstaklega Erni sem er búinn að vera með mér í yfir 20 ár og Frímanni Ara

sem er nú held ég búinn að vinna hérna í 10 ár. Ég held að ÍBR sé alls ekki slæmur vinnustaður því að flestir sem byrja að vinna þar vinna mjög lengi þar. Síðasti framkvæmdastjóri, ég held að hann hafi unnið þarna í 42 ár þannig að Frímenn er nú greinilega í framtíðarstarfinu. Þetta er búið að vera mjög ánægjulegur tími fyrir mig og hefur gefið mér mikið eins og ég sagði hérna í mínu ávarpi í upphafi. Þetta er gríðarlega fjölbreytt og maður hefur samskipti við margt fólk og við höfum átt mjög gott samstarf við borgina. Það er náttúrulega lífsnauðsynlegt vegna þess að þetta er jú stærsti styrktaraðili okkar og við höfum notið mikils velvilja hjá borginni þó að við séum kannski ekki alltaf sammála þeim og viljum nú helst fá meiri pening frá þeim þá getum við, svona á það heila litið, verið ánægð með það sem við höfum fengið því að framkvæmdastjóri ÍTR er afskaplega vinveittur okkur tel ég. Íþróttabandalagið hefur líka stækkað gríðarlega. Eins og við höfum stundum sagt þá tókum við á móti öllum. Eins og kom hérna fram í skýrslu stjórnar eru nú held ég orðin 74 félag innan bandalagsins. Á þessum 20 árum held ég að það hafi vaxið í nettóvöxt um 30 félag. Ég held að þetta hafi verið einhver 40 félag hérna á sínum tíma. Auðvitað eru þetta misstór félag og við höfum kannski svo sem, í stjórn ÍBR, lagt áherslu á það að byggja sterkar hverfiseiningar sem geta þá sinnt starfinu í hverfunum. Auðvitað þurfa að vera sérgreinafélög líka og það er kannski skýringin á því að jafnvel stundum þegar ný félag eru að sækja um aðild þá er kannski meirihluti stofnendanna úr Garðabæ, Kópavogi og þeim bæjarfélögum þar sem, það er eins og mönnum sé stundum bara bent á að fara til Reykjavíkur. Við höfum kannski aðlagð styrktarkerfið svolítið að því að þessi félag hafa svo sem ekki sótt í neina sjóði hérna. Þess vegna hafa þeir orðið til, hugsanlega. Eins og þið sjálfsagt þekkið þá höfum við lagt aðal áherslu á að styðja aðallega við barna- og unglingastarf þó að við höfum verið að færa okkur svona meira yfir í afreksstarf kannski núna í seinni tíð. Það er eitt mál sem mig langar svolítið að ræða hérna að lokum og það er það að við höfum miklar áhyggjur af Egilshöllinni uppi í Grafarvogi. Þetta er nú eitt af þeim mannvirkjum sem ég held að sé hvað mest notað hérna í borginni. Núna í þessu bankahruni sem við höfum öll orðið vör við þá hefur eignahald á húsinu færst yfir í Landsbankann og jafnvel vill bankinn bara loka húsinu og nú erum við að berjast fyrir því að borgin bara kaupi húsið því hún er jú stærsti leigutakinn í borginni fyrir okkur en það hefur strandað á því að skuldirnar sem hvíla á þessu húsi eru nokkur svona hús skilst mér, minnsta kosti tvö ef ekki þrjú miðað við byggingarkostnað hússins. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef þá hefur bankinn séð fram á það að það sé miklu ódýrara fyrir hann að loka bara húsinu og negla fyrir heldur en að halda starfsemi áfram í þessari mynd. Ég hugsa að það væri mjög sterkt fyrir okkur, þetta þing, og ég vil nú kannski taka mér það Bessaleyfi sem það síðasta sem ég geri hérna á þessum vettvangi, að minnsta kosti í dag, er það að við myndum kannski sameinast um einhverskonar áskorun til borgarinnar um að standa vörð um það að þessu húsi yrði ekki lokað. Eins og ég segi, þetta er náttúrulega skautahöll, knattspyrnuhús, það eru þarna frjálssar íþróttir. Þið sjáið það líka bara þarna frammi í hléinu hvað þessi höll hefur breytt miklu fyrir frjálssar íþróttir. Þið hafið sjálfsagt öll farið einhvern tímann upp í þetta hús og séð hversslags rosaleg starfsemi fer þarna fram. Þannig að með leyfi þingforseta þá langar mig að lesa hérna upp eina ályktun.

## Samþykkt um Egilshöll

**44.þing ÍBR, haldið í Reykjavík dagana 26.-28.febrúar 2009 lýsir yfir eindregnum stuðningi við Reykjavíkurborg í þeirri viðleitni borgaryfirvalda til að tryggja áframhaldandi öruggan rekstur Egilshallar, til hagsbóta fyrir íþróttafélögin í Reykjavík og bætta aðstöðu fyrir Skautafélagið Björninn og Fjölni sérstaklega.**

Greinargerð:

Óvissa hefur verið um nokkra hríð um framtíðarrekstur Egilshallarinnar. Afar brýnt er að áframhaldandi rekstur hennar verði tryggður. Í Egilshöllinni fer fram fjölbreytt íþróttalíf, knattspyrnuæfingar og mót, frjálsíþróttastarfsemi, fimleikar, íshokki og listdans á skautum, auka annarra íþróttar og félagsstarfsemi. Það er því gríðarlega mikilvægt að áframhaldandi rekstur verði tryggður og frekar óvissu verði eytt sem fyrst og að sú viðbótaraðstaða og starfsemi sem rætt hefur verið um að fengist í Egilshöllinni m.a. fyrir skauta, knattspyrnu, fimleika, bardagíþróttir og Fjölni verði tryggð.

Tillagan var samþykkt með lófataki.

**Snorri Þorvaldsson:** „Mig langar aðeins að velta upp umræðu í sambandi við að við samþykktum áðan að fella út héraðssambandið og síðan samþykktum við það að halda áfram að reyna að ganga inn í UMFÍ og ég er ekkert á móti því, svo langt því frá. Núna erum við komin með nýtt merki og það var verið að tala um Reykjavík, það væri Íþróttabandalag Reykjavíkur sem kæmi þarna undir og ég hef ekkert á móti því. En ég er að velta því aðeins fyrir mér að ég er þeirrar skoðunar að þegar við sækjum að aðild að Ungmennafélagi Íslands þá auðvitað verðum við héraðssamband og þurfum eiginlega að hugsa eins og ungmennafélag til þess að fara inn í þetta. Þannig að ég er að velta því fyrir mér, í sambandi við þetta merki og annað að hvort við setjum, eða að næsta tillaga yrði að setja upp héraðssambandið Ingólfur eða hvernig sem þið viljið hafa það. En ég tel að það sé eðlilegt að það sé héraðssambandið Ingólfur. Þá yrði það að sjálfsgöðu skammstafað HSÍ eða HSIN eða HSING. En ég er bara svona að velta þessu fyrir mér. Mér finnst við vera að fara svolítið í hringi, við felldum niður héraðssambandið og svo ákváðum við að halda áfram. En ég hvet nýja stjórn til þess að fara í þetta og hugsa málið í sambandi við það að við þurfum að heita réttu nafni.“

**Gunnar Páll Jóakimsson:** „Ég er mjög sáttur við margt sem hér hefur verið gert og er til framfara. Ég gat því miður ekki tekið þátt í umræðunni í gær en ég sé að þær hafa verið mjög góðar og þau mál sem voru mér sérstaklega hjartfólgin fengu þá umfjöllun og afgreiðslu sem ég er mjög sáttur við. Sérstaklega það að ÍBR ætlar að taka frumkvæði að rannsóknarmiðstöð. En mig langaði aðeins að vekja athygli á þessu eina atriði sem ég og fleiri voru ósáttir við á fimmtudaginn. Það var það að ég var ekki á síðasta þingi en maður var nú ekki búinn að lesa alveg greinargerð en þar kusu þeir sem þar voru í millipinganevnd og hún starfaði örugglega mjög vel og mikið á þessu tímabili, og auðvitað í sjálfböðavinnu eins og aðrir. Síðan kemur hún með tillögu og sú tillaga fær ekki einu sinni umræðu. Ég vona að þetta sé ekki það sem koma skal því ég sé að almennt hafa tillögur fengið mjög góða umræðu í nefndum en ef við ætlum að fá einhverja til að vinna hér í sjálfböðavinnu og segja svo þegar þeir koma með sína tillögu bara við hendum

þeim og takið nú þátt í umræðum um aðrar tillögur sem við viljum að séu til umræðu hér í nefndum. Þannig að mér fannst ég ómögulega geta komið þessu viðhorfi mínu, og ég fann það að margra annarra, á framfæri. Annars þakka ég fyrir og óska formanni og stjórn alls góðs á komandi tímabili.“

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og því var komið að nýkjörnum formanni ÍBR **Ingvari Sverrissyni** að slíta þinginu.


## 14. Þingslit

### Ingvar Sverrisson, nýkjörinn formaður ÍBR:

„Þingforseti, góðir þingfulltrúar og forystumenn í Reykvísku íþróttalífi. Um leið og ég vil þakka ykkur það traust sem þið hafið sýnt með að velja mig í forystusveit ykkar sem formann íþróttabandalagsins geri ég mér fullkomlega grein fyrir því sem má segja að sé ekki kannski dans á rósum. Ég geri mér grein fyrir því mikilvæga starfi sem ég er að takast á hendur fyrir ykkur félögin og íþróttabandalagið í Reykjavík. En áður en lengra er haldið vil ég fá að færa Reyni Ragnarssyni þakkir fyrir frábær störf á liðnum árum og bandalagið og íþróttahreyfinguna í borginni og ég vil leggja til að við stöndum einu sinni upp til að klappa fyrir Reyni og fráfarandi fólki í stjórn ÍBR.

Á liðnum árum hef ég fengið tækifæri til að kynnast því mikla starfi sem unnið er hér á ykkar vettvangi. Ég hef verið fulltrúi í Íþrótt og tólmstundaráði í 12 ár og sat þar sem varaformaður á öllum þeim tíma og sinnti auk þess á tímabili formennsku. Auk þess var ég formaður Bláfjallanefndar í 8 ár og þar hefur mér tekist á þessum vettvangi vel að vinna með fulltrúum allra flokka að framgangi íþróttastarfs í borginni enda hef ég verið þeirrar skoðunar að íþróttir megi aldrei vera settar á ár stjórnmalanna. Íþróttir eru mikilvægar fyrir alla. Í gegnum þessi störf hef ég heyrt raddir ykkar og óskir til borgaryfirvalda um stuðning við uppbyggingu og rekstur hreyfingarinnar. Nú er það hlutverk mitt að styrkja tengslin. Því ég mun, fyrir ykkar hönd taka upp samskipti við borgaryfirvöld og aðra hagsmunaaðila til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu, rekstrargrundvöll og framtíðarsýn fyrir þau frábæru störf sem við erum að vinna hér í borginni. Í ljósi þess ástands sem nú ríkir í íslensku samfélagi verður starf íþróttafélaga enn mikilvægara en áður. Það að eiga öflug félög í öllum greinum íþróttar, góða aðstöðu til iðkunar og faglegt og uppbyggilegt barna- og unglíngastarf er óskastaða þjóðar og að því ber að hlúa. Það er ekki góð pólitík að skera niður framlög til uppbyggingar á starfi fyrir æsku landsins. Það er eins og að skera niður framtíðina. Ég mun því vinna af krafti að því að koma þeim tillögum sem hér hafa verið samþykktar í framkvæmd. Og ég mun fara í það að hitta fulltrúa allra félaganna, hlusta á ykkar hugmyndir um hvernig hægt er að efla hreyfinguna enn frekar. Það er mjög mikilvægt að við vinnum saman að því að efla starfið og stækka þann hóp þátttakenda sem fyrir er í félögunum. Íþróttahreyfingin í borginni gegnir gríðarlegu hlutverki fyrir borgarsamfélagið. Kannski höfum við verið of feimin að koma okkar sjónarmiðum á framfæri, berja okkur á brjóst og hreykja okkur af störfum okkar og árangri félaganna allra sem eiga aðild að ÍBR hvað varðar jákvætt starf með æsku landsins og afreksfólki okkar sem eru fyrirmyndirnar í okkar þjóðfélagi. Á árum mínum innan borgarkerfisins varð ég þeirrar ánægju njótandi að kynnast frábærum starfsmönnum sem meðal annars koma að okkar málum. Sérstaklega vil ég nefna starfsmenn Íþróttar og tólmstundaráðs en heppnin er með mér í þeim efnum að þar eru flest allir sömu starfsmennirnir enn við

störf og ég efa það ekki eina einustu mínútu að ég muni eiga gott samstarf við þau fyrir ykkar hönd og íþróttabandalagsins. Ég mun leggja mig allan fram við að rækta enn frekar samskipti og samstarf við Reykjavíkurborg, bæði kjörna fulltrúa og embættismenn. Hjá Íþróttabandalagi Reykjavíkur starfar frábært fólk sem ég þekki vel og ég hlakka mikið til að starfa með þeim í framtíðinni að þeim krefjandi verkefnum sem framundan eru og nýrri stjórn. Ég mun einnig leita til ykkar forystumanna félaganna um að taka virkari þátt með stjórn íþróttabandalagsins í ýmsum málum, hvort sem það eru vinnuhópar samstarfsverkefni eða önnur störf. Dreifstýring, samvinna og jafnrétti munu vera mín leiðarljós í starfi mínu sem formaður Íþróttabandalagsins. Ég þakka enn og aftur traustið og ég er fullviss um að við eigum eftir að eiga góða og farsæla vegferð saman á næstu árum. Ég vil þakka starfsmönnum þingsins, þingforsetum sérstaklega fyrir röska framgöngu í að stjórna þinginu, þingriturum og öllum starfsmönnum íþróttabandalagsins sem hafa haft veg og vanda af þessu hérna hjá okkur í dag og ég segi enn og aftur að ég hlakka mikið til að fá að starfa með ykkur á komandi misserum. Ég slít þingi Íþróttabandalagsins 2009. Takk fyrir.“



Sveinn Jónsson  
Þingforseti



Þórður Bergmann  
Þingritari

Anna Lilja Sigurðardóttir vann textann eftir myndbandsupptöku frá þinginu.